



Áfangastaðaáætlun
höfuðborgarsvæðisins
2023–2026





Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Unnið af Samtökum sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu árið 2022 í samvinnu við:



Efnisyfirlit

Samantekt	1
Inngangur	3
Sveitarfélögin.....	5
Hlutverk áfangastaðastofu.....	6
Samkeppnishæfni áfangastaðar	10
Framtíðarsýn áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins	11
Ferðamálastefnur	11
Undirbúningur framtíðarsýnar í áfangastaðaáætlun	12
Samþykkt framtíðarsýn.....	13
Náttúra	13
Vellíðan.....	16
Menning og listir.....	17
Sjálfbærni	19
Sameiginleg verkefni sveitarfélaga	23
Hjólaleið hringinn í kringum höfuðborgarsvæðið	23
Kortlagning sjálfbærni ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu	24
Samskipti við hagaðila	25
Samskipti við fyrirtæki.....	27
Stöðugreining	29
Þróun ferðamanna á Íslandi.....	29
Fjöldi gistinguáttá á höfuðborgarsvæðinu.....	30
Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu.	34
Markaðssvæði.....	35
Airbnb gisting á höfuðborgarsvæðinu	36
Fjöldi launþega í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.....	38
Þjónustuframboð á svæðinu	40
Gisting.....	40
Veitingaleyfi.....	42
Ferðaskrifstofur og ferðasali dagsferða	43
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða.....	44
Skemmtiferðaskip	45
Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	48
Helstu verkefni við markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins fyrir erlendan markað.....	50
Aðgerðaáætlun sveitarfélaga	54
Reykjavík.....	55
Kópavogur.....	56
Hafnarfjörður.....	57
Garðabær.....	59
Mosfellsbær.....	60
Seltjarnarnes	61
Viðauki 1 – Fjöldi gistinguáttá eftir svæðum og mánuðum	64
Viðauki 2 – Þróun markaðssvæða eftir mánuðum.	66
Viðauki 1 – Fjöldi launþega í ferðaþjónustu eftir sveitarfélögum	70
Viðauki 4 – Aðgerðaáætlun	76

Myndayfirlit

Mynd 1 Skipting verkefna áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins - Rekstrargreining KPMG.....	6
Mynd 2 Ferill verkefna innan áfangastaðastofu	9
Mynd 3 Lykiláherslur í framtíðarsýn áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins.....	13
Mynd 4 Möguleg hjólaleið í kringum höfuðborgarsvæðið	23
Mynd 5 Hagsmunaaðilar áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.....	26
Mynd 6 Skipting gististaða á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkun gistileyfa.....	40
Mynd 7 Skipting gististaða á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkum gistileyfa.....	42

Töfluyfirlit

Tafla 1 Fjöldi ferðamanna með flugi og Norrænu til Íslands.....	29
Tafla 2 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - höfuðborgarsvæðið.....	30
Tafla 3 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - vetrartímabil - höfuðborgarsvæðið.....	31
Tafla 4 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - höfuðborgarsvæðið.....	31
Tafla 5 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Reykjavík.....	32
Tafla 6 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Kópavogur.....	32
Tafla 7 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Hafnarfjörður.....	33
Tafla 8 Fjöldi gistinguáttanna - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes	33
Tafla 9 Nýting herbergja og rúma á hótelum - höfuðborgarsvæðið	34
Tafla 10 Fjöldi gistinguáttanna eftir markaðssvæðum - höfuðborgarsvæðið.....	35
Tafla 11 Fjöldi gistinguáttanna eftir markaðssvæðum - vetrartímabil - höfuðborgarsvæðið.....	35
Tafla 12 Fjöldi Airbnb gistingar á Höfuðborgarsvæðinu	36
Tafla 13 Framboð gistirýma í Airbnb leigu - höfuðborgarsvæðið	36
Tafla 14 Meðalverð fyrir Airbnb gistirýma - höfuðborgarsvæðið	37
Tafla 15 Meðalnýting á skráðu Airbnb gistirými í % - höfuðborgarsvæðið.....	37
Tafla 16 Fjöldi launþega í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu	38
Tafla 17 Fjöldi launþega á höfuðborgarsvæðinu	39
Tafla 18 Hlutfall erl. starfsmanna í aðal- og aukastarfi - höfuðborgarsvæðið.....	39
Tafla 19 Útgefin leyfi til gistingar - tegundir leyfa - höfuðborgarsvæðið	41
Tafla 20 Útgefin veitingaleyfi - Höfuðborgarsvæðið	42
Tafla 21 Útgefin leyfi hjá Ferðamálastofu - höfuðborgarsvæðið.....	43
Tafla 22 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Úthlutanir höfuðborgarsvæðið.....	44
Tafla 23 Verkefni úthlutað úr Landsáætlun á höfuðborgarsvæðið	45
Tafla 24 Fjöldi skemmtiferðaskipa í Reykjavík.....	45
Tafla 25 Fjöldi farþega í skemmtiferðaskipum í Reykjavík.....	46
Tafla 26 - Fjöldi skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði	46
Tafla 27 Fjöldi farþega í skemmtiferðaskipum í Hafnarfirði.....	46

Samantekt

Á undanförunum árum hefur verið unnið að skoðun þess hvernig best væri að standa að ferðaþjónustu á áfangastaðnum höfuðborgarsvæðinu. Var ákveðið að hefja undirbúning að stofnun áfangastaðastofu og gerð áfangastaðaáætlunar. Í þessari áfangastaðaáætlun er sett fram áætlun um áherslur og stöðu ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Sett er fram framtíðarsýn og tillögur að verkefnum áfangastaðastofu á tímabilinu 2023–2026. Er hér um fyrstu áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins að ræða. Er áætlunin sett fram sem leiðbeinandi áætlun fyrir nýstofnaða áfangastaðastofu.

Meðal þess sem fjallað er um er ný framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn sem byggir á fjórum lykiláherslum sem eru náttúra, menning og listir; vellíðan og sjálfbærni. Síðan er farið yfir sameiginleg verkefni þar sem sérstaklega eru skoðuð verkefni sem taka til svæðisins í heild. Getur áfangastaðastofa verið í lykilhlutverki hvað varðar ut anumhald slíkra verkefna. Ein af grunnforsendum áfangastaðaáætlunar er stöðugreining á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu þar eru skoðuð atriði eins og fjöldi gistinguáttá, lykilmarkaðssvæði, fjöldi launþega sem starfar við ferðaþjónustu og stöðumat á starfsemi í ferðaþjónustu á svæðinu. Síðan er farið fyrir lykilsforsendur markaðssetningar höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum ferðamönnum. Að lokum er farið yfir aðgerðaáætlun sveitarfélaganna en þar eru tekin saman þau verkefni sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ætla sér að vinna að á næstu árum. Er um að ræða 44 verkefni sem tengjast þeim áherslum sem settar hafa verið í framtíðarsýn áfangastaðarins. Verkefnin eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg og tengjast m.a. uppbyggingu við náttúruperlur svæðisins, miðlun upplýsinga um sögu og menningu svæðisins, uppbyggingu í tengslum við vellíðan og sjálfbærni og verndun svæða. Má gera ráð fyrir að áfangastaðastofa og hlutaðeigandi sveitarfélög hafi með sér samstarf þegar kemur að slíkum verkefnum og kynningu þeirra.



Inngangur

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfisins.

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Áfangastaðaáætlun er unnin að frumkvæði stjórnvalda, í samstarfi við sveitarfélög, hagaðila og heimamenn á skilgreindu svæði. Hefur höfuðborgarsvæðið ekki skilað inn áfangastaðaáætlun áður og er það eina svæðið á Íslandi sem ekki hefur skilað inn slíkri áætlun. Samhliða gerð áfangastaðaáætlunarinnar hófst undirbúningur að stofnun áfangastaðastofu. Verður hér farið yfir framgang verkefnisins.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa átt í ýmiss konar samstarfi varðandi ferðaþjónustu á svæðinu og heildræna markaðssetningu þess. Á árinu 2016 sömdu sveitarfélög á svæðinu um að vörumerkið Reykjavík Loves yrði notað við markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins til erlendra ferðamanna. Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, utan Kjósarhrepps, skrifuðu undir samning þess efnis. Markmiðið var að stuðla að því að ferðamenn dreifðust frekar um svæðið, nýttu betur afþreyingu og þjónustu og verðu meiri tíma á höfuðborgarsvæðinu. Frá því að sá samningur var gerður hefur hann verið endurnýjaður á hverju ári.

Um mitt ár 2017 fór í gang vinna við gerð áfangastaðaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Stjórnvöld gerðu þá samninga við markaðsstofur hvers landshluta fyrir sig en á höfuðborgarsvæðinu var sú vinna leidd af Höfuðborgarstofu.

Í framhaldinu ákvað Reykjavíkurborg að ráðast í gerð ferðamálastefnu sem birt var árið 2020. Markmið stefnunnar var að skerpa sýn, forgangsraða og endurmeta með hvaða hætti ætti að sinna ferðaþjónustu til lengri tíma. Ein af niðurstöðum þeirrar vinnu var að kannaður skyldi grundvöllur þess að stofna markaðs- og áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Var ráðgjafafyrirtækið Inga Hlín Consulting ráðið til að gera úttekt sem leiða átti til tillagna að skipulagi, áherslum og mögulegu samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eftirfarandi tillögur um form áfangastaðastofu komu fram:

Tillaga 1: Stofan yrði sjálfseignarstofnun í eigu sveitarfélaganna og hagaðila.

Tillaga 2: Stofan yrði sjálfstæð eining undir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í eigu sveitarfélaganna með sérstöku ferðamálaráði skipuðu af sveitarfélögunum og atvinnulífinu.

Tillaga 3: Stofan yrði áfram hjá Reykjavíkurborg með sérstöku ferðamálaráði skipuðu af sveitarfélögunum og atvinnulífinu.

Niðurstaðan varð sú að tillaga 1 kæmi best út fyrir áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið. Í framhaldi af því hófst greining og undirbúningur að stofnun markaðs- og áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið. Auk þess voru greindar sambærilegar stofur innanlands og erlendis.

Í desember 2021 samþykkti stjórn SSH samkomulag sveitarfélaganna um næstu skref: „Tilgangur þess samnings var að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan var á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila“.¹

Markmið samningsins voru:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir Covid.

Í janúar 2022 var verkefnastjóri ráðinn tímabundið til að vinna að eftirfarandi:

- Að vinna áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn og aðgerðaáætlun (til 3-5 ára).
- Að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn.
- Að móta og byggja upp samstarfið.
- Að byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki.
- Að undirbúa stofnun áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.

¹ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2022). Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið <https://ssh.is/afangastadurinn-hofudborgarsvaedid> sótt 13. mars 2022.

Sveitarfélögin



Ferðaþjónusta í Hafnarfirði

Stærð sveitarfélags: 147 km²

Íbúar 31.des 2021: 29760

Ísl. ríkisborgarar 26130 / 1134 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 3630 / 316 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021: 50398

Veitinga- og kaffihús 2022: 21



Ferðaþjónusta í Kópavogi

Stærð sveitarfélags: 80 km²

Íbúar 31.des 2021: 38990

Ísl. ríkisborgarar 37730 / 1325 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 4260 / 457 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021: 48033

Veitinga- og kaffihús 2022: 22



Ferðaþjónusta í Reykjavík

Stærð sveitarfélags: 273 km²

Íbúar 31.des 2021: 135590

Ísl. ríkisborgarar 111430 / 4223 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 24160 / 2898 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021: 1341419

Veitinga- og kaffihús 2022: 203



Ferðaþjónusta í Garðabæ

Stærð sveitarfélags: 46 km²

Íbúar 31.des 2021: 18440

Ísl. ríkisborgarar 17490 / 874 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 950 / 104 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021(Garðabær,Mosfellsbær,Seltjarnarnes): 12469

Veitinga- og kaffihús 2022: 11



Ferðaþjónusta á Seltjarnarnesi

Stærð sveitarfélags: 2 km²

Íbúar 31.des 2021: 4710

Ísl. ríkisborgarar 4260 / 173 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 450 / 52 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021(Garðabær,Mosfellsbær,Seltjarnarnes): 12469

Veitinga- og kaffihús 2022: 3



Ferðaþjónusta í Mosfellsbæ

Stærð sveitarfélags: 185 km²

Íbúar 31.des 2021: 13020

Ísl. ríkisborgarar 11900 / 454 launþegar í ferðaþjónustu

Erl. ríkisborgarar 1120 / 83 launþegar í ferðaþjónustu

Fjöldi gistinguátta 2021(Garðabær,Mosfellsbær,Seltjarnarnes): 12469

Veitinga- og kaffihús 2022: 2

Hlutverk áfangastaðastofu

„Áfangastaðastofa (e. Destination Management Organisation) er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.“²

Meðal hlutverka áfangastaðastofu er að vinna að eftirfarandi verkefnum í samráði við hagaðila:

- Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snerta ferðaþjónstu.
- Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarpörf hvers landshluta.
- Stuðla að vörupróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- Leggja mat á fræðslupörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.
- Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. „Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.“³


Þar sem ekki er búið að stofna áfangastaðastofu á höfuðborgarsvæðinu er ekki búið að fullmóta hver áhersluatriði hennar verða og það verður verkefni nýrrar stjórnar að setja þær áherslur. Í rekstrargreiningu KPMG um áfangastaðastofu á höfuðborgarsvæðinu er verkefnum stofunnar skipt í þrjú áhersluatriði:

Markaðsstarf

- Sameiginleg markaðssetning svæðisins
- Vefsíða og samfélagsmiðlar
- Móttaka blaðamanna og áhrifavalda
- Sýningar og vinnustofur
- Skipulagning skoðunarferða erl. ferðaskrifstofa um svæðið

Þróunarstarf

- Þátttaka í opinberum verkefnum
- Vinna með fyrirtækjum og sveitarfélögum að sameiginlegum þróunarverkefnum sem efla sérstöðu höfuðborgarsvæðisins
- Efla hagsæld höfuðborgarsvæðisins
- Markaðspróunarverkefni t.d í anda „Demantshringsins“ á Norðurlandi



Samskipti

- Samvinna við helstu hagaðila og vera tengiliður fyrir sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir tengdar ferðaþjónustu auk ríkisstofnana og styrktarsjóða.
- Utanumhald áfangastaðaáætlunar.

Mynd 1 Skipting verkefna áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins - Rekstrargreining KPMG

Möguleg verkefni áfangastaðastofu á höfuðborgarsvæðinu geta því verið:

1. Framtíðarsýn

- a. **Sameiginleg framtíðarsýn svæðisins**
 - i. Sett fram skýr framtíðarsýn um áherslur áfangastaðarins.
 - ii. Gerð aðgerðaáætlunar sem byggir á þessum áhersluatriðum.
- b. **Sameiginleg stefna**
 - i. Áfangastaðastofa er vettvangur fyrir sameiginlega stefnu allra hagaðila.

2. Markaðssetning

- a. **Sameiginleg markaðssetning**
 - i. Heildstæð markaðsáætlun fyrir allt svæðið.
Skýrari fókus á lykiltríði.
Betri nýting fjármagns.
- b. **Vefsíður**
 - i. Sameiginleg vefsíða fyrir svæðið.
 - ii. Sameiginlegir samfélagsmiðlar.
- c. **Markaðspróunarverkefni**
 - i. Markaðssetning á t.d. svæðum sem ná yfir bæjarmörk sveitarfélaga.
- d. **Blaðamenn – áhrifavaldar**
 - i. Utanumhald og skipulag.
 - ii. Áreiðanleiki í upplýsingagjöf.
 - iii. Samantekt umfjöllunar.
- e. **FAM ferðir**
 - i. Utanumhald og skipulag.
- f. **Markaðsrannsóknir**
- g. **Gagnabankar**
 - i. Myndabankar.
 - ii. Tölulegar upplýsingar.

² Ferðamálastofa. (2022). Áfangastaðastofur eflí stoðkerfi ferðaþjónustunnar um allt land, <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/afangastadastofur-efli-stodkerfi-ferdathjonustunnar-um-allt-land> Sótt 5. desember 2022

³ Ferðamálastofa. (2022). Áfangastaðastofur eflí stoðkerfi ferðaþjónustunnar um allt land, <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/afangastadastofur-efli-stodkerfi-ferdathjonustunnar-um-allt-land> Sótt 5. desember 2022

3. Þróunarverkefni

a. Þátttaka í verkefnum (t.d. verkefni á vegum Íslandsstofu)

- i. Þátttaka í stjórnnum sameiginlegra verkefna.
- ii. Tryggja hag allra sveitarfélaga í þeim verkefnum.
- iii. Koma sameiginlegum áherslum á framfæri.

b. Þróunarverkefni

- i. Verkefni sem mótast vegna stöðu viðkomandi svæðis. Verkefnin geta komið til vegna sérstöðu svæðis og vegna annarra tækifæra sem skapast á svæðinu. Dæmi um verkefni í öðrum landshlutum eru www.reykjanesgeopark.is og Flugklasinn Air66N.

c. Markaðspróunarverkefni

- i. Áningarstaðir eða þjónusta sem hefðu ávinning af aukinni markaðssetningu. Slík verkefni þarfnast þá ákveðinnar greiningarvinnu sem gefur svæðinu meiri tækifæri:

Dæmi: Mögulega ákveðinn staður settur í forgang, áherslur settar fram á forsendum landeigenda og viðkomandi aðila sem ætla að nota svæðið. Að verkefninu gæti staðið bara hluti af samstarfsfyrirtækjum áfangastaðastofunnar. Mögulega getur verkefnið verið með sérstaka heimasíðu. Dæmi um slík markaðspróunarverkefni eru www.demantshringur.is og www.vestfjardaleid.is.

d. Sameiginleg verkefni


- i. Verkefni sem fleiri en eitt sveitarfélag þurfa að koma að. Dæmi um slíkt verkefni er hugmynd að hjólaleið sem fer í gegnum öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Má gera ráð fyrir að að einhverjum hluta þurfi að byggja upp leiðina og síðan felst stór hluti í markaðshlutanum þar sem skoða þarf merkingar, mögulega heimasíðu fyrir verkefnið og annað sem gæti tengst því. Þessari hugmynd er lýst betur í kaflanum sameiginleg verkefni. Dæmi um slíkt verkefni er www.nordurstrandarleid.is.

e. Önnur verkefni

- i. Svára erindum og fyrirspurnum stjórnvalda.
- ii. Rannsóknir og skýrslur.
- iii. Ráðgjöf.

Ferill verkefna innan áfangastaðastofu

Eins og kemur fram á þessari skýringarmynd er sett fram ákveðin framtíðarsýn sem mótar lykiláherslur næstu þriggja ára. Sú framtíðarsýn er unnin í samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki og íbúa svæðisins. Aðgerðaáætlun sveitarfélaga byggir svo á áherslum framtíðarsýnar varðandi þau verkefni unnið verður að. Aðgerðaáætlunin eru þau verkefni sem sveitarfélögin hafa ákveðið að leggja áherslu á varðandi ferðaþjónustu. Er hún síðan birt í áfangastaðaáætlun. Í einhverjum tilfellum þyrfti verkefnið að verða ákveðið þróunarverkefni þar sem mögulega fleiri hagaðilar komi að verkefninu. Það geta verið verkefni sem ná yfir sveitarfélagamörk og kalla e.t.v. á samvinnu annarra eins og landeigenda, fyrirtækja o.fl. Þegar verkefni er tilbúið er þá farið í að markaðssetja „vöruna“ og er það gert í gegnum miðla áfangastaðastofu.



Mynd 2 Ferill verkefna innan áfangastaðastofu

Samkeppnishæfni áfangastaðar

Öll þau verkefni sem áfangastaðastofa vinnur að eiga að styðja við samkeppnishæfni áfangastaðarins. Í skýrslu *World Tourism Organization* er skilgreining á samkeppnishæfni áfangastaðar: *Hæfni áfangastaðarins til að nota sína náttúrulegu, menningarlegu og manngerðu auðlindir á skilvirkan hátt. Það skili sér í vönduðum, nýstárlegum, aðlaðandi vörum og þjónustu sem auka virði ferðaþjónustu, bæti og auki fjölbreytni á heimamarkaði og hámarki aðdráttarafl þess svo það sé ávinningur bæði fyrir gesti og heimamenn út frá sjálfbæru sjónarhorni.*⁴ Í framtíðinni er mikilvægt að greindir verði þeir áfangastaðir sem höfuðborgarsvæðið er í samkeppni við. Við slíka greiningu væru skoðaðir áfangastaðir sem bjóða upp á svipaðar vörur og þjónustu, leggja áherslu á svipuð markaðssvæði og markhópa, og eru með svipaða þróun á ferðamönnum milli árstíða.



Framtíðarsýn áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins

Undanfarin ár hefur stefnumótun ferðamála verið með mismunandi hætti hjá þeim sex sveitarfélögum sem eru hluti af þessari áfangastaðaáætlun. Sum sveitarfélög hafa haft ferðamál í forgangi en önnur ekki. Árið 2017 óskuðu stjórnvöld þess að markaðsstofur landshlutanna gerðu áfangastaðaáætlanir fyrir sín svæði sem yrðu ákveðinn undanfari stofnunar áfangastaðastofa. Var höfuðborgarsvæðið eina svæðið sem skilaði ekki inn áfangastaðaáætlun. Hins vegar var unnin mikilvæg vinna og greiningar sem nýst hafa við áframhaldandi vinnu.

Ferðamálastefnur

Samhliða vinnu við áfangastaðaáætlun hóf Reykjavíkurborg vinnu við ferðamálastefnu sína og var hún gefin út árið 2020. Þar var lagt upp með að Reykjavíkurborg þyrfti að forgangsraða, skerpa sýn og endurmeta hvernig haldið yrði á málaflöknum til næstu ára. Var ferðamálastefnunni skipt í þrjú megináhersluatriði:

- Reykjavík er lifandi og framsækin mannlífsborg umvafin einstakri náttúru.**
„Sérstaða áfangastaðarins Reykjavíkur er að bjóða í senn lifandi og framsækna borgarmenningu, frjótt listalíf, þekkingarsköpun, fjölbreytta hágæðaþjónustu, tækifæri til útivistunar og einstaka náttúru sem samofin og umlykur borgina.“
- Sjálfbær ferðaþjónusta í sátt við samfélagið**
„Áframhaldandi uppbygging og þróun ferðaþjónustu er sjálfbær, helst í hendur við þróun borgarinnar í heild og er í sátt við borgarsamfélagið. Ferðaþjónusta verði kolefnisjöfnuð.“
- Samræmd, einföld, skilvirk og snjöll**
„Stjórnkerfi er samræmt og einfaldað og stafrænum lausnum beitt til að takast á við megináskoranir, stuðla að nýsköpun, spennandi upplifun og háþyrkingu virðis fyrir gesti, borg og borgarbúa.“⁵

Eitt af áhersluatriðum stefnunnar er að stofnuð verði áfangastaðastofa á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2012 var gefin út ferðamálastefna í Hafnarfirði, en henni var ætlað að setja stefnu um hvernig best væri að efla og kynna bæinn og nágrenni hans sem eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn. Voru sett fram nokkur lykilatriði sem átti að leggja áherslu á:

- Upplýsingagjöf og bætt þjónusta.
- Bættar merkingar til upplýsingar og fróðleiks.
- Formlegt samstarf ferðaþjónustufyrirtækja í Hafnarfirði.
- Sjálfbær þróun og verndun viðkvæmra svæða⁶

Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki gefið út ferðamálastefnu.

⁴ World Tourism Organization. (2022). UNWTO Guidelines for Institutional Strengthening of Destination Management Organizations (DMOs) – Preparing DMOs for new challenges, <https://www.e-unwto.org/doi/book/10.18111/9789284420841> sótt 23. september 2022.

⁵ Reykjavík.is. (2022). Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020 – 25, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/16b_ferdamalastefna_fina_25.feb_2020.pdf. Sótt 28. júlí 2022.

⁶ hafnarfjordur.is. (2022). Hafnarfjörður - stjórnsýsla og stjórnkerfi – Stefnum og samþykktir, <https://hafnarfjordur.is/stjornsysla/stjornkerfi/stefnur-og-samthykktir/> Sótt 28. júlí 2022.

Undirbúningur framtíðarsýnar í áfangastaðaáætlun

Þegar vinna hófst við gerð áfangastaðaáætlunar í febrúar 2022 kom í ljós að tímarammi verkefnisins myndi ekki leyfa hefðbundið ferli, þ.e. að fá alla hagaðila að borðinu til að móta forsendur framtíðarsýnar áfangastaðarins. Því var farin sú leið að byggja á þeim grunni sem áfangastaðurinn hefur unnið eftir. Í því ferli voru eftirfarandi atriði skoðuð:

- **Hvernig stefnur tengdust uppbyggingu á áfangastaðnum**
 - Ferðamálastefnur sveitarfélaganna.
 - Stefna stjórnvalda um ferðaþjónustu.
 - Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
 - Heimsmarkmið SP.
 - O.fl.
- **Markaðssetning á áfangastaðnum**
 - Sýnileiki á visit Reykjavík síðu.
 - Upplýsingar á heimasíðum sveitarfélaganna.
 - Markaðssetning svæðisins á öðrum síðum.
- **Rannsóknir á erlendum ferðamönnum**
 - Ferðahegðun.
 - Viðhorf.
- **Greining á erlendum samkeppnisaðilum**
 - Markaðssetning.
 - Þróun.
- **Viðtöl**
 - Bæjarstjórar.
 - Starfsmenn.
 - Ferðaþjónustufyrirtæki.

Út frá þeim upplýsingum voru sett saman áhersluatriði framtíðarsýnar sem áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið mun vinna að næstu þrjú ár.

Samþykkt framtíðarsýn

Á fundi verkefnisins um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið 25. mars 2022 var framtíðarsýn áfangastaðaáætlunar samþykkt. Sú framtíðarsýn byggir á fjórum lykiláherslupáttum sem ferðaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu mun leggja áherslu á næstu þrjú ár. Byggja þessar áherslur á því sem þegar hefur verið gert og samræmast þeim stefnum sem eru í gildi. Þar sem áfangastaðastofa hefur ekki verið stofnuð og formlegt samstarf hagaðila er ekki til eru lagðar fram tillögur að verkefnum sem hægt væri að ráðast í. Hins vegar eru þetta einungis hugmyndir sem stjórn áfangastaðastofu þyrfti að samþykkja áður en farið er lengra.

Náttúra

Menning og listir

Velliðan

Sjálfbærni

Mynd 3 Lykiláherslur í framtíðarsýn áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins

Náttúra

Í niðurstöðum könnunarinnar *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2021* kemur fram að rúmlega níu af hverjum tíu ferðamönnum nefndu náttúru landsins eða náttúru fyrirbæri þegar þeir voru beðnir um að segja af hverju þeir fengu þá hugmynd að koma til Íslands⁷. Því kemur ekki á óvart að í allri markaðssetningu á áfangastaðnum er lögð mest áhersla á náttúruna og náttúrutengda afþreyingu. Í undirbúningi á þessari framtíðarsýn voru skoðaðar þær stefnur sem voru til, aðrar stefnur sem gætu stutt við ferðaþjónustu, uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu og markaðssetning á áfangastaðnum. Kom fljótt í ljós að náttúran er ein af lykilþáttunum varðandi ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu eins og kemur fram í eftirfarandi stefnum:

Ferðamálastefna Reykjavíkur: *Reykjavík er lifandi og framsækin mannlífsborg umvafin einstakri náttúru.*

Ferðamálastefna Hafnarfjarðar: *Sjálfbær þróun og verndun viðkvæmra staða.*

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins: *Markmið 4.1 í svæðisskipulagi um fjölbreytt útivistarsvæði og markmið 4.3 tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu innan fólkvangs og fjallahringis höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar.*

⁷ Ferðamalastofa.is, 2022, Erlendir ferðamenn á Íslandi, <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/2022/erlendir-ferdamenn-a-islandi-jul22.pdf> Sótt 9. ágúst 2022.



Margt hefur verið gert á undanförunum árum varðandi uppbyggingu og aðgengi að náttúru höfuðborgarsvæðisins. Í þessari áætlun eru lagðar fram hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að skoða þegar áfangastaðastofa verður til. Að sjálfsögðu er þetta ekki tæmandi listi heldur verkefni sem lögð voru fram í fyrsta fasa og verða síðan formlega samþykkt af stjórn áfangastaðastofu.

Möguleg verkefni tengd náttúru höfuðborgarsvæðisins:

Norðurljós

Skilgreind yrðu svæði víðs vegar um höfuðborgarsvæðið sem ættu að henta vel til að sjá norðurljós. Þar yrði ljósmengun haldið í algjöru lágmarki og aðstaða fyrir fólk til að sitja. Síðan væri möguleiki á að sækja upplýsingar um norðurljós inni á visit Reykjavík í gegnum QR kóða. Í fyrsta fasa væri reynt að kortleggja einn áningarstað í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu.

Gönguleiðir

Eitt verkefnið yrði að byggja upp gagnagrunn um gönguleiðir á visit Reykjavík síðu. Þar yrðu kynntar helstu gönguleiðir og upplýsingar um þær gerðar aðgengilegar í síma. Það þýðir að almennar upplýsingar væru gefnar um hverja gönguleið, myndir, grunnupplýsingar um lengd, hækkun, tíma o.fl. og svo GPX track af sjálfri leiðinni. Hægt yrði að hala öllum upplýsingum niður á síma.

Hjólaleiðir

Hér á það sama við, þ.e. safnað yrði upplýsingum um skemmtilegar hjólaleiðir á höfuðborgarsvæðinu og fólki auðveldað að hjóla á eigin vegum með því að ná í GPX.

Fjaran

Greining mögulegra áningarstaða við fjörur höfuðborgarsvæðisins. Hægt væri að búa til áningarstaði með QR kóða sem segir sögu viðkomandi staðar eða draga fram sögu um sambúð þjóðarinnar við hafið. Auk þess væru upplýsingar um fugla, seli og annað náttúru- og dýralíf við fjöruna aðgengilegar.

Fjöllin

Skoða hvernig hægt er að segja meira frá fjöllum í kringum höfuðborgarsvæðið í kynningarefni. Draga fram sögur sem tengjast fjöllum og tryggja skýrar upplýsingar um hvernig best er að undirbúa ferðir á fjöll.

Heiðmörk

Að kortleggja hvernig markaðssetja eigi Heiðmörk og hvað þurfi mögulega að undirbúa til að gera hana að öflugum áningarstað. Við slíka vinnu þarf að hafa í huga verndun svæðisins og stýringu á hvaða svæði ætti að benda ferðafólki á.

Esjan

Skoðun tækifæra á Esjusvæðinu. Mögulega væri hægt að útfæra svæðið sem alhliða útivistarsvæði sem myndi henta öllum.

Velliðan

Velliðanarferðarþjónusta er orðin vel þekkt. Í skilgreiningu *Global Wellness Institute* er velliðanarferðarþjónusta: *Ferðalög í tengslum við leit að því að viðhalda eða efla persónulega velliðan*. Þegar þjónustuframboð höfuðborgarsvæðisins er skoðað fellur það vel að velliðanarferðarþjónustu. Þetta var valið sem áhersluatriði í ferðarþjónustu á svæðinu einfaldlega vegna þess að höfuðborgarsvæðið hefur upp á margt að bjóða í velliðanarferðarþjónustu. Við þessa greiningu var lögð áhersla á að skoða hvernig hægt sé að gera betur hvað varðar lykilorði velliðanarferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar stefnur eru skoðaðar þá er almennt verið að hvetja til virkari ferðamáta og má nefna sem dæmi að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins á hlutdeild göngu- og hjólaleiða að vera 30% af öllum ferðum innan svæðis árið 2040.

Möguleg verkefni tengd velliðan á höfuðborgarsvæðinu:

Sundlaugar höfuðborgarsvæðisins

Á höfuðborgarsvæðinu eru 17 sundlaugar sem hver hafa sína sérstöðu. Þær bjóða upp á aðstöðu þar sem hægt er að synda, fara í heitan og kaldan pott, sána og margt fleira fyrir alla fjölskylduna. Verkefnið snýst um hvernig hægt er að markaðssetja sundlaugar svæðisins betur þannig þeir sem gista á höfuðborgarsvæðinu heimsæki þær a.m.k. einu sinni.

Göngu- og hjólaleiðir

Koma þarf göngu- og hjólaleiðum betur á framfæri með markaðssetningu. Ein leið væri að auðvelda gististöðum að koma upplýsingum til skila um skemmtilegar gönguleiðir á svæðinu. Jafnframt að koma á framfæri upplýsingum um „öðruvísi“ leiðir eins og t.d. Himnastigann í Kópavogi sem telur 206 tröppur, eða 56 metra hækkun.

Böð og sjósund

Fjölgun baðstaða á Íslandi hefur ekki farið framhjá neinum og var Sky Lagoon frábær viðbót við þá fjölbreyttu afþreyingu sem í boði er. Einnig má nefna Cupstone sem er fótabaðstaður í Seltjarnarnesfjörðu. Þá er Nauthólsvík miðstöð sjósunds á höfuðborgarsvæðinu. Allir þessir staðir bjóða upp á frábæra upplifun en spurningin er hvort hægt sé að skoða fleiri tækifæri á höfuðborgarsvæðinu. T.d. að kortleggja fleiri staði fyrir sjóböð og koma skýrari skilaboðum á framfæri um sjósund og hvað beri að varast. Eins og kemur fram í aðgerðaáætlunarkafanum eru þrjú verkefni sem varða bættu aðstöðu fyrir sjósund.

Heilsueflandi samfélag

Nú hafa öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirritað samning við Landlæknisembættið um að verða heilsueflandi samfélag. Markmið heilsueflandi samfélags er að *styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og velliðan íbúa*⁹. Verkefnið gæti snúist um hvernig væri hægt nýta þá vinnu sem hefur farið fram og kynna hana fyrir erlendum ferðamönnum.

⁹ Globalwellnessinstitute.org, 2022, Five key things to know about wellness tourism, <https://globalwellnessinstitute.org/what-is-wellness/what-is-wellness-tourism/> Sótt 23. ágúst 2022.

Menning og listir

Eitt af lykiláhersluatriðum markaðssetningar á höfuðborgarsvæðinu hefur verið menning og listir. Innan allra sveitarfélaganna er öflugt menningarstarf sem nú þegar laðar að erlenda gesti. Hins vegar er spurning hvort ekki sé hægt að ná betri árangri með samvinnu og ákveðinni sýn á málaflokkinn fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Þar sem menning nær yfir svo margt er mikilvægt að forgangsraða mögulegum verkefnum. Hér verða dregin saman atriði sem hægt væri að byrja á að skoða en ekki er um að ræða tæmandi lista yfir möguleg verkefni. Eitt verkefna áfangastaðastofu væri einmitt að forgangsraða þessum verkefnum.

Þegar stefnur voru skoðaðar þá samrýmdust þær vel þessari áherslu:

Menningarstefna Reykjavíkurborgar: 6.4 Tónlistarborgin Reykjavík

Ferðamálastefna Reykjavíkur: 1. Reykjavík er lifandi og framsækinn mannlífsborg umvafin einstakri náttúru.

- Sérstaða áfangastaðarins Reykjavíkur er að bjóða í senn lifandi og framsækna borgarmenningu, frjótt listalíf, þekkingarsköpun, fjölbreytta hágæðapjónustu, tækifæri til útivistar og einstaka náttúru sem er samofin og umlykur borgina.
- Leiðandi í sjálfbærri þróun – íslensk ferðapjónusta 2030 – stefna stjórnvalda: Samfélag: Ferðamenn: Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.

Möguleg verkefni tengd menningu og listum á höfuðborgarsvæðinu:

Söfn, setur & sýningar

Á höfuðborgarsvæðinu eru yfir 60 söfn, setur og sýningar. Allir þessir fjölbreyttu staðir bjóða einstaka upplifun, en auk þess dreifast þeir mjög vel um svæðið. Hins vegar er spurning hvort hægt er að koma þeim betur á framfæri við erlenda gesti. Eitt mögulegra tækifæra væri meiri samvinna milli þessara aðila sem skilaði sér í sameiginlegri markaðssetningu þeirra. Þá kæmi til skoðunar hvort City Card gæti boðið söfnum utan Reykjavíkur tækifæri til að vera þátttakendur í verkefninu.

Matarmenning

Í nóvember 2022 voru gild veitingahúsaleyfi 201 á höfuðborgarsvæðinu. Hér gætu leynst gríðarlega mikil tækifæri í samvinnu þessara aðila til að koma á framfæri sérstöðu sinni og íslenskri matarmenningu. Hins vegar þarf að greina með hvaða hætti það yrði gert. Einnig gæti verkefnið snúist um hvernig þessir aðilar gætu unnið betur saman og hvernig hægt sé að kortleggja tækifæri til að ná betur til erlendra gesta.

⁹ Landlaeknir.is. (2022). Heilsueflandi samfélag – af hverju heilsueflandi samfélag?, <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag> Sótt 13. september 2022.

Áhugaverðir staðir

Á höfuðborgarsvæðinu eru mörg vinsæl áningarsvæði fyrir íbúa og ferðamenn. Má nefna staði eins og gamla bryggjussvæðið (Old Harbour), Laugardal, miðbæ Hafnarfjarðar, Bessastaði, Álafoss og miðbæ Reykjavíkur. Spurningin er hins vegar sú hvort hægt er að gera svæðin aðgengilegri og koma upplýsingum um sögu þeirra betur á framfæri. Felst verkefnið í að kortleggja hvað betur mætti fara varðandi miðlun sögu þessara svæða.

Húsin

Á höfuðborgarsvæðinu eru mörg hús sem eiga sér mikla sögu og eru þekkt á alþjóðavísu. eru þau þegar orðin áfangastaðir fyrir erlenda gesti. Hins vegar er spurning hvort hægt sé að segja frá sögu þessara húsa með aðgengilegri hætti, þar sem lykilorðir komi fram í hljóðbroti og hægt verði að fara inn á síðu þar sem ítarlegri sögu viðkomandi húss verði að finna.

Fólkið

Í þessu verkefni væri kannað hvort hægt er að miðla sögu þekktra Íslendinga betur til erlendra gesta. Þar væri skoðað hvaða stafrænu lausnir geti nýst til miðlunar og tengingar þeirra við staðsetningar sem tengjast þessum Íslendingum.

Viðburðir

Þar yrði skoðað hvort áfangastaðastofa gæti aðstoðað við markaðssetningu á þeim viðburðum sem haldnir eru innan sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að skoða hvort hægt sé að gera meira en er nú þegar gert.



Sjálfbærni

Sjálfbær ferðaþjónusta er langtímamarkmið sem allir í atvinnugreininni þurfa setja sér skýr markmið um hvernig náist. Uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu er samvinnuverkefni allra hagaðila greinarinnar og því mikilvægt að skýr fókus sé til staðar svo árangur náist. Sjálfbærri ferðaþjónustu má lýsa sem:

*„Hvers konar þróun eða starfsemi í ferðaþjónustu sem ber virðingu fyrir umhverfinu, tryggir verndun náttúrulegra og menningarlegra auðlinda til langs tíma og er ásættanleg og réttlát frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði“.*¹⁰

Þegar stefnur voru skoðaðar samræmdust þær vel þessari áherslu:

- **Ferðamálastefna Reykjavíkur: SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA Í SÁTT VIÐ SAMFÉLAG**
 - o Áframhaldandi uppbygging og þróun ferðaþjónustu er sjálfbær, helst í hendur við þróun borgarinnar í heild og er í sátt við borgarsamfélagið. Ferðaþjónusta er kolefnisjöfnuð.
- **Leiðandi í sjálfbærri þróun til 2030 – stefna stjórnvalda:**
 - o Umhverfi
 - Dregið verður úr kolefnisspori ferðaþjónustunnar og Ísland tekur forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
 - Jafnvægi ríkir milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða tekur mið af því.
 - Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.
- **Svæðisskiplag höfuðborgarsvæðis:**
 - o Markmið 2.2 í svæðisskiplagi – Hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verði a.m.k. 12%.
 - o Markmið 4.4. í svæðisskiplagi: Hreint drykkjarvatn.
 - o Aðgerðir í loftlagsmálum: A3 Efling almenningssamgagna.
 - o B.2 Rafvæðing hafna.
- **Heimsmarkmið:**
 - o 9.4: Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskiplagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og hvert og eitt land innleiði í auknum mæli tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.
 - o 8.9: Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur

¹⁰ Vakinn.is. (2022), Sjálfbær ferðaþjónusta, <https://www.vakinn.is/is/gaedakerfi/umhverfi/sjalbbaer-throun> Sótt 20. október 2022.

Í handbók European Travel Commission er því m.a. lýst hvernig áfangastaðastofa getur haft áhrif á sjálfbæra ferðaþjónustu og lagðar til aðgerðir í eftirfarandi atriðum:

„Framtíðarsýn og stjórnun: *Að bera kennsl á þær leiðir þar sem ferðaþjónusta getur lagt sitt að mörkum til blómlegs áfangastaðar og móta þróun ferðaþjónustu og stjórnun í samræmi við það.*

Gögn, rannsóknir og upplýsingaöflun: *Búa til og deila gögnum um markaðshegðun, gestaflæði, kolefnisfótspor ferðaþjónustu á áfangastað, rekstrarumhverfi fyrirtækja, viðhorf íbúa og gildi framlags ferðaþjónustu til varðveislu náttúru- og menningararfs.*

Hagsmunagæsla og samstarf: *Notkun áhrifa- og fulltrúastöðu til að hvetja hagsmunaaðila á öllum stigum til að viðurkenna gildi ferðaþjónustu og mikilvægi sjálfbærrar nálgunar.*

Stuðningur við atvinnurekstur og þróun á færni: *Búa til umgjörð á vettvangi svæðisbundinnar áfangastaðastofu, til að styðja og hvetja til þróunar færni í sjálfbærni, bæta sjálfbærniastaðla og hvetja til góðra viðskiptahátta.*

Samskipti og markaðssetning: *Hafa áhrif á hegðun hagsmunaaðila (til dæmis með því að veita skýrar og aðgengilegar upplýsingar til að leiðbeina neytendum við að taka sjálfbærar ákvarðanir eða með því að aðstoða gesti við að skilja hvernig hægt er að draga úr áhrifum eigin ferða).*

Fjármögnun og fjármagnsfjárfestingar: *Vinna með sveitarfélögum og stjórnvöldum að því að beita sér fyrir að auðvelda aðgang að fjármagni og fjárfestingum sem styður framkvæmd sjálfbærrar ferðaþjónustu.“¹¹*

Gæðakerfi og umhverfisvottanir

Í dag er fjöldi gæða- og umhverfisvottana sem fyrirtæki og áfangastaðir geta sótt um og fengið. Á Íslandi er Ferðamálastofa með Vakann sem hefur það að markmiði að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðaþjónustu á Íslandi ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja.¹² Auk þess eru fjöldi annarra vottana sem fyrirtæki á Íslandi hafa fengið eins og ISO vottun, Earthcheck, Svanurinn, o.fl.

Sem áfangastaður hefur Meet in Reykjavík verið partur af *Global Destination Sustainability Movement* sem er með GDS index sem hefur það að markmiði að mæla, setja viðmið, bæta sjálfbærnistefnu og frammistöðu áfangastaðarins til ferðaþjónustu og viðburða.¹³

Meet in Reykjavík hefur það hlutverk að styrkja og efla ímynd Íslands og Reykjavíkur sem eftirsóknarverðs áfangastaðar fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferða og alþjóðlega viðburði. Síðan *Meet in Reykjavík* tók þátt í verkefninu árið 2016 hefur Reykjavík alltaf verið á topp 10 lista og árið 2021 var Reykjavík í fimmta sæti.¹⁴ Nánari upplýsingar um GDS index er að finna á heimasíðu *Global Destination Sustainability movement*.

¹¹ European Travel Commission. (2021). Handbook on Encouraging Sustainable Tourism Practices, <https://etc-corporate.org/reports/handbook-on-encouraging-sustainable-tourism-practices/> Sótt 21. október 2022

¹² Vakinn.is. (2022). Um Vakann, <https://www.vakinn.is/is/um-vakann> sótt 25. október 2022.

¹³ Global Destination Sustainability Movement. (2022). Benchmarking Methodology, <https://www.gds.earth/wp-content/uploads/Methodology-2022.pdf> sótt 25. október 2022.

¹⁴ Global Destination Sustainability Movement. (2022). Global Destination sustainability index, <https://www.gds.earth/2021-results/> sótt 25. október 2022.

Möguleg verkefni tengd sjálfbærni ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu:

Verkefni áfangastaðastofu er varða áherslu um sjálfbærni gætu verið fjölbreytt. Til að meta hvert skuli stefna þyrfti að leggja heildarmat á hver staða sjálfbærni er í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Því gæti fyrsta skrefið verið að kortleggja stöðu svæðisins og forgangsraða út frá því þeim atriðum þarf að vinna að. Þau væru fjölbreytt þar sem málaflokkurinn snertir nánast alla anga ferðapjónustunnar. Það er því mikilvægt að greina eftirfarandi:

Staða fyrirtækja

Fyrst þyrfti að greina stöðu fyrirtækja út frá tegundum og áherslum. Þá væri tekið saman hvaða fyrirtæki eru með sérstaka áherslu á sjálfbærni og hvernig hún er framkvæmd í daglegum rekstri. Einnig væri staða fyrirtækja metin eftir flokkum eins og:

- Gisting
- Veitingahús
- Afþreyingarfyrirtæki

Þar væri leitast við að svara m.a. hvaða umhverfissvottanir fyrirtæki hefðu, gerð lýsing á stefnu fyrirtækis í sjálfbærni og hvaða sértæku aðgerðir væru til staðar út frá stefnu þess. Auk þess væru skoðaðir helstu umhverfisstaðlar og hvernig fyrirtæki nota slíka staðla í starfsemi sinni.

Staða sveitarfélaga

Hér væri farið yfir aðgerðir sveitarfélaga varðandi sjálfbærni og hvað þau gætu gert til að styðja við sjálfbærni í ferðapjónustu. Taka mætti m.a. saman hvernig hægt er að nota aðra samgöngumáta en einkabíl, hvernig sveitarfélög nota sjálfbæra orkugjafa, aðgengi að hreinu vatni og stefnu sveitarfélaga í sjálfbærni sem nýtist jafnt íbúum sem og ferðamönnum. Hins vegar er erfitt að meta umfang verkefnisins fyrr en hægt er að skoða það frekar.




Sameiginleg verkefni sveitarfélaga

Eitt af því sem áfangastaðastofa gæti leitt eru möguleg sameiginleg verkefni sveitarfélaganna til að styrkja áfangastaðinn fyrir ferðamenn á svæðinu. Þar sem ferðamenn ferðast ekki eftir sveitarfélagamörkum heldur eftir því hvar áhugaverða upplifun er að finna er mikilvægt að skoða hvaða verkefni gætu leitt til þess að ferðamenn dreifðust betur um svæðið og lengdu dvöl sína. Hér verður farið yfir dæmi um tvö verkefni sem hægt væri að vinna í samvinnu allra sveitarfélaganna.

Hjólaleið hringinn í kringum höfuðborgarsvæðið

Undanfarin ár hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu unnið að uppbyggingu stofnleiða fyrir hjólreiðar. Er það verkefni hluti af svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og er það m.a. markmið verkefnisins að hlutdeild göngu og hjólreiða verði 30% af öllum ferðum innan svæðisins árið 2040.¹⁵

Ein af hugmyndunum sem komið hafa fram um sameiginleg verkefni er að búinn verði til hjólahringur sem fari í gegnum öll sveitarfélögin og byggi á uppbyggingu þessara leiða á svæðinu. Því er ekki verið að tala um nýjar leiðir heldur frekar að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram og er á áætlun.



Mynd 4 Möguleg hjólaleið í kringum höfuðborgarsvæðið

¹⁵ SSH.is. (2022). Svæðisskipulag, https://www.ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/HB2040-2015-07-01-WEB_Undirritad.pdf, sótt 6. desember 2022

Helstu ástæður þess að rétt sé að gera eina leið, höfuðborgarhring, sem markaðssett yrði sérstaklega fyrir ferðamenn eru eftirfarandi:

- Lengir dvöl ferðamanna.
- Dreifir ferðamönnum um áfangastaðinn.
- Hvetur til umhverfisvænna leiða til að upplifa áfangastaði.
- Skapar fleiri tækifæri fyrir fyrirtæki við leiðina.
- Sækir í einn stærsta markhóp afþreyingar.

Auk þess væri hægt að búa til app fyrir leiðina sem drægi þá fram fleiri atriði á leiðinni. Appið gæti þá t.a.m. sent tilkynningar um áhugaverða afþreyingu, s.s. skemmtilegar verslanir eða kaffihús, í nágrenni notanda. Tilgangur þess væri sá að fá ferðamanninn til að dvelja lengur á svæðinu, auka við upplifun hans og skapa fleiri tækifæri í öllum sveitarfélögunum. Auk þess væri mögulegt að búa til minni hringi innan leiðarinnar sem leiddu þá til betri kynningar á hverju og einu sveitarfélagi.

Hvað þarf að gera?


Nú þegar eru lykilstofnleiðar komnar í gagnið. Hins vegar eru nokkur svæði sem ekki er búið að klára. Því væri þetta verkefni sem myndi taka nokkur ár. Það væri hins vegar strax hægt að greina hvað væri hægt að gera nú þegar. Skoða þarf og ákveða hvaða leið yrði fyrir valinu og skoða stöðu þeirra leiðar. Taka þarf saman hversu stór hluti leiðarinnar er á aðgreindum hjólastígum, sameiginlegum stígum með gangandi og í blandaðri umferð með akandi. Síðan þarf að greina með hvaða hætti leiðin yrði markaðssett.

Kortlagning sjálfbærni ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu

Annað dæmi um verkefni væri að meta stöðu sjálfbærni í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur slíkrar kortlagningar væri að greina hvað ferðaþjónustan er að gera vel á svæðinu og hvað má betur fara. Staða sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu yrði skoðuð út frá sjálfbærni í ferðaþjónustu. Möguleg niðurstaða úr þessu verkefni gæti verið að sveitarfélög og fyrirtæki þurfi að gera betur en einnig gætu komið í ljós atriði sem hægt væri að nýta í markaðsskilaboð fyrir svæðið. Endanleg ákvörðun um verkefnið og umfang þess verður tekin af stjórn áfangastaðastofu.


Samskipti við hagaðila

Grunnforsenda árangurs áfangastaðastofu eru samskipti við hagaðila á viðkomandi svæði. Í því felst að skapa slíkt umhverfi að lykilhagaðilar geti tekið þátt í mótun og uppbyggingu á áfangastaðnum þannig að stuðningur sé við verkefni stofunnar.



Allir hafa þessir aðilar mikinn hag af því að til sé áfangastaðastofa sem vinnur að hagsmunum atvinnugreinarinnar. Stjórnvöld fá skýra sýn á hvað áfangastaðurinn ætlar sér að gera í gengum áfangastaðaáætlun og áfangastaðastofur verða þátttakendur í heildarstefnu landsins, sveitarfélög framkvæma þau verkefni sem sett eru fram í áfangastaðaáætlun og skapa þannig grundvöll fyrir auknum tekjum og fleiri tækifærum í sínu sveitarfélagi, fyrirtæki geta haft áhrif á hvað er gert og tekið þátt í mótun og framkvæmd markaðssetningar á áfangastaðnum og íbúar geta tekið þátt í þróun áfangastaðarins því slík uppbygging þarf að sjálfsögðu vera unnin í nánú samstarfi við íbúa viðkomandi svæðis.

Auk þessara lykilaðila er fjöldi annarra aðila sem tengjast starfsemi áfangastaðastofu.



Mynd 5 Hagsmunaaðilar áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins

Samskipti við fyrirtæki

Ein af grunnforsendum starfsemi áfangastaðastofu eru samskipti við fyrirtæki. Þátttaka fyrirtækja fer fram með greiðslu árgjalds til stofunnar. Það eru einungis fyrirtæki sem hafa öll tilskilin leyfi frá sýslumanni og Ferðamálastofu til rekstrar sem geta tekið þátt í áfangastaðastofunni. Það verður svo í höndum nýrrar stjórnar áfangastaðastofu að ákveða hvað er innifalið í því árgjaldi sem fyrirtæki þurfa að borga.

Fyrirtækin hafa mikið um það að segja hvernig best er að standa að þróun áfangastaðarins þar sem þau eru í beinum samskiptum við markhópinn. Þættir eins og stefnumótun, markaðssetning og þróunarverkefni eru atriði sem fyrirtæki geta haft áhrif á. Lykilhlutverk áfangastaðastofu gagnvart fyrirtækjunum er hins vegar að mynda tengsl við önnur fyrirtæki á viðkomandi svæði.

Til að draga þetta saman er hægt að segja að neðantalið felist í þátttöku fyrirtækja í áfangastaðastofu:

- Hlutdeild í þróun áfangastaðarins til framtíðar öllum til ávinnings.
- Slagkraftur í samstarfi um markaðssetningu fyrir áfangastaðinn.
- Aðgangur að virku tengslaneti og samstarfi aðila á höfuðborgarsvæðinu.
- Þátttaka í reglulegum stefnumótunar- og samstarfsfundum – meiri samlegð og samvinna.
- Aðgengi og uppbygging tölfræði og annarra gagna.
- Þátttaka í faghópum eins og við á, s.s. um markaðsmál, þróun og samstarf.
- Sýnileiki í markaðsefni (t.d. auglýsingar á vef, samfélagsmiðlum o.fl.).
- Sameiginlegur kynningarvettvangur þegar við á.
- Þátttaka í blaðamannaferðum, FAM ferðum (ferðaskrifstofuheimsóknir) og almannatengslum.
- Aðstoð í tengslum við ferðamál og tengingar.
- Afsláttur af viðburðum ef við á.




Stöðugreining

Hér verður farið yfir og gefin innsýn í stöðu ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þróun ferðamanna á Íslandi

Vinsældir Íslands sem áfangastaðar fyrir erlenda ferðamenn hafa aukist gríðarlega mikið á undanförunum árum sem leitt hefur til þess að ferðaþjónusta er stærsta útflutningsgreinin á Íslandi. Má segja að ákveðinn vendipunktur hafi orðið í þróun ferðaþjónustu á Íslandi þegar eldgosíð í Eyjafjallajökli hófst árið 2010. Það ár komu um 488 þúsund gestir. Árið 2019 komu um 2 milljónir ferðamanna sem er 312% aukning frá árinu 2010.



Tafla 1 Fjöldi ferðamanna með flugi og Norrænu til Íslands

Á árunum 2015–2018 var að meðaltali 24% fjölgun ferðamanna ár hvert. Hins vegar varð 14% fækkun milli árunna 2018 – 2019, en þá hætti WOW Air rekstri og aðrir efnahagslegir þættir eins og styrking krónunnar höfðu áhrif. Árið 2019 komu 18.800 farþegar með Norrænu sem er 1% af heildarfjölda þeirra sem komu til landsins.¹⁶

¹⁶ Ferðamálastofa. (2022). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna, <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna> sótt 5. apríl 2022.


Fjöldi gistinguáttá á höfuðborgarsvæðinu

Hagstofan gefur út tölur vegna fjölda gistinguáttá á landinu. Þegar tölur eru skoðaðar fyrir höfuðborgarsvæðið allt voru gistinguætur 3,59 milljónir árið 2019. Var það 4% fækkun frá 2018. Sama ár var nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu 74,7%.

Í útgefnum gögnum Hagstofunnar er svæðinu skipt upp í fjögur svæði sem eru eftirfarandi:

- Reykjavík, mið- og vesturbær.
- Reykjavík, Hlíðar.
- Reykjavík, annað.
- Höfuðborgarsvæðið, annað.


Langflestir gistinguáttá eru í mið- og vesturbæ Reykjavíkur. Í nóvember 2022 voru 33 af 57 útgefnum leyfum til hótélreksturs í Reykjavík á þessu svæði.¹⁷




Tafla 2 Fjöldi gistinguáttá - allar tegundir gistingar - höfuðborgarsvæðið

Þegar svæðin eru skoðuð er breytingin milli áráanna 2017 – 2019 lítil en mesta fækkunin var í Reykjavík, Hlíðar milli áráanna 2018 og 2019. Mesta aukningin var milli áráanna 2018 og 2019 á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða 7%. Stærsti mánuður þessara ára var í Reykjavík, mið- og vesturbæ í ágúst 2019 eða um 194 þúsund gistinguætur. Flestar gistinguætur yfir vetrartímabil voru í september 2017 – apríl 2018 eða um 2,35 milljónir gistinguætur.

¹⁷ Hagstofan, 2022, Talnaefni, Gistinguætur og gestakomur á öllum tegundum gistinguáttá eftir sveitarfélögum 2008 – 2021, https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_3_allartegundirgistinguattada/SAM01603.px sótt 9. júní 2022.




Tafla 3 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - vetrartímabil - höfuðborgarsvæðið




Tafla 4 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - höfuðborgarsvæðið

Þróun milli svæða út frá mánuðum er í viðauka 1.

Keypt voru gögn frá Hagstofunni til að geta greint fjölda gistinguátta frekar eftir sveitarfélögum. Því miður var ekki hægt að fá sértæk gögn fyrir Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Voru þau gögn því sett saman í einn flokk. Hér sést þróun fjölda gistinguátta eftir sveitarfélögum eftir mánuðum¹⁸




Tafla 5 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Reykjavík




Tafla 6 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Kópavogur

¹⁸ Hagstofan (2022). Fjöldi gistinguátta eftir póstnúmerum - sérvinnsla - 13. september 2022.



Tafla 7 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Hafnarfjörður




Tafla 8 Fjöldi gistinguátta - allar tegundir gistingar - eftir mánuðum - Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes

Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur fram að Reykjavík heldur sér mjög svipað milli ára. Sama má segja um Hafnarfjörð með nokkrum undantekningum, s.s. í nóvember milli árana 2016 og 2017. Auk þess er töluverð breyting í ágúst mánuði milli árana 2018 og 2019 eða um 17% fækkun. Þegar Kópavogur er skoðaður koma í ljós miklar sveiflur á milli ára. Þá sérstaklega árið 2019 en þá jókst fjöldi gistinguátta milli ára um 42%. Þegar Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes eru skoðuð saman koma fram nokkrar sveiflur en þar sem um fáar gistinguætur er að ræða geta sveiflurnar orðið miklar þegar t.d. eitt gistiheimili hættir rekstri.

Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu.

Í september árið 2022 voru 5.498 hótélherbergi í boði á höfuðborgarsvæðinu. Utan höfuðborgarsvæðisins voru þau 5.866¹⁹. Í nóvember 2022 voru útgefin leyfi til hótela á höfuðborgarsvæðinu 57 talsins²⁰. Þegar nýting á hótélherbergjum er skoðuð kemur í ljós að hún hefur verið mjög góð undanfarin ár að undanskildum Covid árum.



Tafla 9 Nýting herbergja og rúma á hótélum - höfuðborgarsvæðið

Eins og sést af súluritinu hér að ofan var nýting hótélherbergja yfir 70% árin fyrir Covid. Nýting rúma var á milli 60% til 70% á sama tímabili. Í greiningum KPMG er áætlað að gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum geti orðið um 4,3 milljónir árið 2023 sem er það mesta sem hefur verið hér á landi²¹. Það er því hægt að áætla að nýtingarhlutfall verði fljótt svipað og það var fyrir Covid.


¹⁹ Mælaborð ferðapjónustunnar 2022, hótél og gistiheimili, <https://www.maelaborðferdathjónustunnar.is/is/gisting/hotel-og-gistiheimili>, sótt 29. nóvember 2022.

²⁰ Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins. (2022). Útgefin leyfi til gistingar, sérvinnsla frá sýslumanni höfuðborgarsvæðisins. 29. nóvember 2022.

²¹ Norðurland.is 2022, Gistirými á Norðurlandi - ráðgjafasvið KPMG, <https://www.northiceland.is/static/files/PDF/gistirymi-a-nordurland-markadsstofa-nordurlands-kpmg.pdf>, sótt 29. nóvember 2022.


Markaðssvæði

Lykilmarkaðssvæði höfuðborgarsvæðisins eru auðvitað í samræmi við þá þróun sem verið hefur á landinu öllu. Hafa Bandaríkin verið stærsta markaðssvæðið undanfarin ár og þar næst Bretland. Árið 2019 voru gistinætur ferðamanna frá Bandaríkjunum 971 þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Á sama ári voru gistinætur ferðamanna frá Bretlandi 637 þúsund.



Tafla 10 Fjöldi gistinátta eftir markaðssvæðum - höfuðborgarsvæðið

Þegar vetrartímabilið er skoðað kemur í ljós hvað Bretland er mikilvægt og einnig fjarlægari markaðir eins og Kína. Það er því mikilvægt að styrkja stöðir þessara markaðssvæða fyrir vetrartímabilin.



Tafla 11 Fjöldi gistinátta eftir markaðssvæðum - vetrartímabil - höfuðborgarsvæðið


Í viðauka 2 verða þrjú stærstu markaðssvæðin greind frekar.

Airbnb gisting á höfuðborgarsvæðinu

Airbnb.com er markaðstorg fyrir gistingu um allan heim. Hver og einn getur stofnað aðgang að síðunni og sett auglýsingu um gistingu inn á markaðstorgið. Þegar tölur eru skoðaðar fyrir höfuðborgarsvæðið voru að meðaltali 3.500 eignir í boði á árunum 2017 – 2019. Á Airbnb eru fjórir flokkar gistingar: Allt heimilið, hótélherbergi, sameiginlegt herbergi og sérherbergi. Hér má sjá hvernig þróun framboðs hefur verið:

	2017	2018	2019	2020	2021	2022 (fyrstu 10 mánuði)
Allt heimilið	2.580	2.814	2.555	1.606	1.028	1.587
Hótélherbergi	27	54	98	77	33	33
Sameiginlegt herbergi	57	86	73	27	28	18
Sérherbergi	854	836	707	444	319	341
Heild	3.518	3.791	3.432	2.153	1.408	1.980
Breyting milli ára		8%	-9%	-37%	-35%	41%


Tafla 12 Fjöldi Airbnb gistirýma á Höfuðborgarsvæðinu



Tafla 13 Framboð gistirýma í Airbnb leigu - höfuðborgarsvæðið

Mest var framboð af gistirými í Airbnb leigu árið 2018 eða 3.791 gistirými. Er framboð í dag rétt yfir 50% þess sem það var árið 2018.


Þegar meðalverð er skoðað kemur í ljós að á árinu 2022i er meðalverðið hærra en nokkru sinni.²²



Tafla 14 Meðalverð fyrir Airbnb gistirýma - höfuðborgarsvæðið

Hefur meðalverð á öllu heimili í útleigu hækkað um 8.500 kr.- per nótt eða 42% frá 2018 til 2022. Hins vegar er mesta hækkun á sama tímabili á hótelherbergjum eða um 67% á sama tímabili.

Meðalnýting á skráðu Airbnb gistirými á höfuðborgarsvæðinu var mest um 62% árið 2017.²³



Tafla 15 Meðalnýting á skráðu Airbnb gistirými í % - höfuðborgarsvæðið

Er nýtingin nú um 45% á fyrstu 10 mánuðum ársins 2022. Það á hins vegar eftir að koma í ljós hvort fjöldi gistirýma í Airbnb eigi eftir að verða sá sami og árið 2018. Auk þess eiga Covid áhrif eftir að koma í ljós og hvort mörg þessara gistirýma hafi farið í langtímaleigu.

²² Mælaborð ferðapjónustunnar (2022). Framboð Airbnb á Íslandi, <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/gisting/airbnb> sótt 13. október 2022.

²³ Mælaborð ferðapjónustunnar (2022). Airbnb á Íslandi - Verð- og tekjugreining, <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/gisting/airbnb-tekjur> sótt 13. október 2022.

²⁴ Mælaborð ferðapjónustunnar (2022). Airbnb - Nýting, <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/gisting/airbnb-nyting> sótt 13. október 2022.

Fjöldi launþega í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu


Fjöldi launþega í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist mikið saman á undanförunum árum. Er sú breyting fyrst og fremst komin til vegna Covid en einnig má draga þá ályktun að töluverð samþjöppun hafi orðið á markaði sem leiði til fækkunar starfsfólks. Auk þess er mikilvægt að átta sig á því að höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði sem þýðir að jafnvel þó flest fyrirtæki í greininni séu staðsett í Reykjavík er starfsfólk búsett í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og skilar útsvarstekjum til þeirra. Það er því hagur allra sveitarfélaga að ferðapjónustan nái að vaxa og dafna enda skilar það sér beint í tekjum þeirra. Eins og kemur fram í rekstrargreiningu KPMG velti ferðapjónusta höfuðborgarsvæðisins um 100 milljörðum árið 2019. Er hlutfall atvinnutekna ferðapjónustu á milli 8,4% - 12% af heildaratvinnutekjum.

Gögn þessi voru fengin hjá Hagstofu Íslands. Þegar höfuðborgarsvæðið er skoðað voru flestir launþegar í ferðapjónustu árið 2018 eða 19 þúsund manns en árið 2021 voru það 12 þúsund manns. Hæst var hlutfall erlendra starfsmanna árið 2019 og árið 2021 eða 32% allra sem störfuðu við greinina.²⁵


Höfuðborgarsvæðið	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	10.606	12.207	12.926	12.440	10.896	7.981	7.362
Erl. starfsmenn	2.793	3.651	4.570	5.141	5.171	3.568	3.525
Ísl. starfsmenn Auka starf	1.140	1.343	1.318	1.182	1.086	7.73	8.17
Erl. starfsmenn Auka starf	297	405	504	587	585	378	382
	14.835	17.607	19.319	19.350	17.737	12.700	12.086

Tafla 16 Fjöldi launþega í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu

²⁵ Hagstofan, (2022). Fjöldi launþega eftir pósthúmerum – sérvinnsla – 27. október 2022.



Tafla 17 Fjöldi launþega í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu



Tafla 18 Hlutfall erl. starfsmanna í aðal- og aukastarfi - höfuðborgarsvæðið

Helstu þættir:

- Hlutfallslega fæstir erlendir starfsmenn starfa í ferðaþjónustu í Garðabæ eða 11% árið 2019.
- Flestir launþegar í ferðaþjónustu utan Reykjavíkur búa í Kópavogi.
- Af þeim sem vinna í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu voru hlutfallslega flestir erlendir starfsmenn í Reykjavík eða 41% árið 2019 og 2021


Í viðauka 3 er fjöldi launþega í ferðaþjónustu eftir sveitarfélögum lýst nánar.

Þjónustuframboð á svæðinu

Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins sér um útgáfu leyfa til gistingar- og veitingastaða. Það er svo Ferðamálastofa sem sér um útgáfu leyfa til ferðaskrifstofa og ferðasala dagsferða. Það eru fleiri aðilar sem gefa út leyfi en þá er um að ræða leyfi sem þarf til viðbótar við þau leyfi sem hér er fjallað um. Dæmi um slík leyfi eru haffærisskírteini sem t.d. hvalaskoðunarfyritæki þurfa að hafa.

Gisting

Útgefnum leyfum til gistingar er skipt í átta tegundir og síðan eru mismunandi flokkar fyrir hverja tegund. Öll útgefin leyfi á höfuðborgarsvæðinu eru í þremur flokkum sem eru eftirfarandi:



Mynd 6 Skipting gististaða á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkun gistileyfa

Gistileyfi skiptast í átta tegundir og er skipting milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu svohljóðandi árið 2022:

Nóvember 2022	Hótel	B Gistiheim. stærri	C Gistiheim. minna	D Gistiskáli	G íbúðir	H Frístundah.	I Heimag.	HG skráningar	Heild
Reykjavík	57	43	27	10	221	0	1	912	1.271
Hafnarfjörður	4	0	2	1	3	3	1	80	94
Garðabær	0	0	4	0	0	0	0	52	56
Kópavogur	4	3	0	0	2	0	0	147	156
Seltjarnarnesbær	0	0	0		1	0	0	24	25
Mosfellsbær	1	1	5	0	5	3	0	39	54
	66	47	38	11	232	6	2	1.254	1.656

Tafla 19 Útgefin leyfi til gistingar - tegundir leyfa - höfuðborgarsvæðið²⁶

Fjöldi leyfa til gistingar á höfuðborgarsvæðinu var 1.656 í nóvember 2022. Mikil hreyfing er alltaf á útgefum leyfum til gistingar og hafa orðið töluvert miklar breytingar frá febrúar til nóvember árið 2022:

- Á tímabilinu hafa verið gefin út 17 leyfi fyrir hótél á höfuðborgarsvæðinu.
- Í Kópavogi(4) og Hafnarfirði (4) eru samtals 8 útgefin leyfi fyrir hótél.
- Mesta aukning í útgáfu leyfa (fyrir utan HG skráningar eða 90 daga leyfi) var í Gistiheimili C minna eða 36% aukning og í H Frístundahús eða 100% aukning.
- Fæst leyfi voru gefin í I Heimagisting eða einungis 2 leyfi.
- Aukningin í HG skráningum (90 daga leyfi) var 394% milli febrúar og nóvember árið 2022 eða 1000 fleiri leyfi en voru í febrúar.

²⁶ Island.is. (2022). Útgefin rekstrarleyfi, <https://island.is/s/syllumenn/rekstrarleyfi> Sótt 17. nóvember 2022.

Veitingaleyfi

Í nóvember 2022 voru útgefin rekstrarleyfi veitingastaða 489 talsins. Er þeim skipt í sex tegundir og tvo flokka.



Mynd 6 Skipting veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkun rekstrarleyfa

Nóvember 2022	A Veitingahús	B Skemmtistaður	C Veitingastofa & greiðasala	E Kaffihús	F Krár	G Samkomusalir	Heild
Reykjavík	154	14	97	49	42	21	377
Hafnarfjörður	15	2	5	6	0	5	33
Garðabær	7	0	2	4	0	3	16
Kópavogur	20	4	14	2	2	6	48
Seltjarnarnesbær	3	0	1	0	0	1	5
Mosfellsbær	2	1	4	0	2	1	10
	201	21	123	61	46	37	489

Tafla 20 Útgefin veitingaleyfi - Höfuðborgarsvæðið²⁷

Þarna kemur fram meðal annars að:

- Flest útgefin leyfi fyrir utan Reykjavík eru í Kópavogi.
- Engin útgefin leyfi til skemmtistaða í Garðabæ og á Seltjarnanesi.
- Engin útgefin leyfi til kaffihúsa á Seltjarnanesi og í Mosfellsbæ.
- Engin útgefin leyfi fyrir krá í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnanesi.

²⁷ Island.is. (2022). Útgefin rekstrarleyfi, <https://island.is/s/syslumenn/rekstrarleyfi> Sótt 17. nóvember 2022.

Ferðaskrifstofur og ferðasali dagsferða

Hjá Ferðamálastofu eru gefin út tvönnar konar leyfi sem eru annars vegar ferðaskrifstofuleyfi og hins vegar ferðasali dagsferða leyfi.

Ferðaskrifstofuleyfi er skilgreint sem leyfi sem tekur til aðila, *hvort sem er einstaklings eða lögaðila, sem setur saman, skipuleggur, býður og/eða selur pakkaferðir eða hefur milligöngu um sölu samtengdrar ferðatilhögunar í atvinnuskyni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis.*²⁸

Ferðasali dagsferða er skilgreint sem leyfi sem tekur til aðila sem selja ferðir sem ekki falla undir lögin um pakkaferðir og samtengda ferðatillögun. Leyfi ferðasala dagsferða er einungis fyrir þá sem bjóða aðeins stakar ferðir sem eru styttri en 24 klst. og fela ekki í sér gistingu.²⁹

Í nóvember 2022 skiptust útgefin leyfi milli sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

	Ferðaskrifstofur	Ferðasali dagsferða	Heild
Reykjavík	149	113	262
Hafnarfjörður	40	22	62
Garðabær	27	20	47
Kópavogur	11	7	18
Seltjarnarnesbær	5	2	7
Mosfellsbær	4	7	11
Heild	236	171	

Tafla 21 Útgefin leyfi hjá Ferðamálastofu - höfuðborgarsvæðið

²⁸ Ferðamálastofa. (2022). Leyfi - Ferðaskrifstofur, <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi/ferdaskrifstofur> Sótt 17. nóvember 2022.

²⁹ Ferðamálastofa. (2022). Leyfi - ferðasali dagsferða, <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi/ferdasali-dagsferda> Sótt 17. nóvember 2022.


Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Árið 2011 tók til starfa Framkvæmdasjóður ferðamannastaða og ber Ferðamálastofa ábyrgð á rekstri hans. Frá stofnun til dagsins í dag hefur verið úthlutað 6,9 milljörðum króna í 18 úthlutunum. Þar af hefur 256 milljónum verið úthlutað til höfuðborgarsvæðisins. Það er 4% af heildarúthlutun úr sjóðnum frá upphafi. Getur það ekki talist góður árangur og því mikilvægt að skoða hver sé ástæðan fyrir því.

Þegar skoðuð var skipting milli sveitarfélaga kemur í ljós að þrjú sveitarfélög hafa aldrei fengið úr sjóðnum. Það eru Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Þegar síðustu sex ár eru skoðuð kemur fram að úthlutanir eru eftirfarandi:

- Hafnarfjörður: 59.710.000,-
- Garðabær: 24.580.000,-
- Reykjavík: 92.362.000,-

Þegar úthlutanir eru skoðaðar fyrir sama tímabil kemur í ljós að hlutfallslega fékk höfuðborgarsvæðið mest árið 2019 eða 8% af heildarúthlutunum á landinu öllu.³⁰



Tafla 22 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Úthlutanir höfuðborgarsvæðið

³⁰ Ferðamálastofa. (2022). Kortasjá ferðamálastofa, <https://geo.alta.is/fms/firla/?z=11.19&lat=64.10257427&lng=-21.81226872> sótt 28. október 2022.

Auk þess hafa komið sex styrkir úr Landsáætlun inn á svæðið en það var vegna eftirfarandi verkefna:


Verkefni	2020	2021	2022	Sveitarfélag
Friðlýst svæði á SV- landi			1.940.000	Seltjarnarnes
Tröllabörn			1.700.000	Kópavogur
Búrfell og búrfellsgjá	3.700.000		35.518.000	Garðabær
Álafoss		2.000.000		Mosfellsbær
Fossvogsbakkar og friðlandið Gróttá		1.900.000		Seltjarnarnes
Tungufoss	3.000.000			Mosfellsbær
Heildarupphæð	6.700.000	3.900.000	39.158.000	46.758.000

Tafla 23 Úthlutun úr Landsáætlun á höfuðborgarsvæðið

Skemmtiferðaskip

Á höfuðborgarsvæðinu eru tvær hafnir sem taka á móti skemmtiferðaskipum en það eru Faxaflóahafnir og Hafnarfjarðarhöfn. Í rannsókn sem Cruise Iceland lét gera á áhrifum af komu skemmtiferðaskipa á efnahagslíf landsins, kemur fram að meðaleyðsla hvers viðkomuferðamanns var um 18.050 krónur í hverri höfn. Auk þess kemur fram að þjóðhagslegur ávinningur af komu skemmtiferðaskipa nemi 16,4 milljörðum króna. Flestir aðspurðra komu frá Bretlandi (33%), Þýskalandi (27%) og Bandaríkjunum (17%). Meðalaldur aðspurða var 57 ár.³¹


Þegar tölur um fjölda skipa eru skoðaðar hefur verið 27% aukning á milli árána 2017 og 2019 í Faxaflóahöfn. Hins vegar var 17% fækkun milli sömu ára í Hafnarfjarðarhöfn. Farþega fjöldi í Reykjavík var mestur árið 2019 eða 162 þúsund farþegar. Í Hafnarfirði var mestur farþega fjöldi árið 2017 eða 5.800 farþegar.³²




Tafla 24 Fjöldi skipakoma og skipa í skemmtiferðaskipum í Reykjavík

³¹ Cruiseiceland.is (2022). Fréttir, <http://www.cruiseiceland.com/frettatilkyning-mars-2019/> Sótt 17. nóvember 2022


³² Mælaborð Ferðapjónustunnar (2022). Skemmtiferðaskip, <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/fartheagar/skemmtiferðaskip> Sótt 17. nóvember 2022



Tafla 25 Fjöldi farþega í skemmtiferðaskipum í Reykjavík



Tafla 26 - Skemmtiferðaskip í Hafnarfirði



Tafla 27 Fjöldi farþega í skemmtiferðaskipum í Hafnarfirði



Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins

Markaðssetning áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins hefur undanfarin ár verið í höndum Höfuðborgarstofu sem rekin er af Reykjavíkurborg. Árið 2005 gerðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sér samkomulag um markaðsstarf, viðburði og upplýsingamiðlun til erlendra ferðamanna. Það samstarf var eftt til muna árið 2013 á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þegar ákveðið var að kynna höfuðborgarsvæðið undir sameiginlegu vörumerki Reykjavíkur. Samstarfið var framlengt árið 2016 og hefur verið endurnýjað reglulega síðan þá en samningurinn rann út í lok árs 2021. Taka skal fram að Kjósarhreppur hefur aldrei verið aðili að þessu samkomulagi þar sem hann starfar með Markaðsstofu Vesturlands að markaðssetningu ferðaþjónustu fyrir Kjósarhrepp. Vörumerkið Reykjavík er þekkt og með því að kynna áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið undir því hefur tekist að efla svæðið í heild sem eftirsóknarverðan áfangastað fyrir erlenda ferðamenn og mikilvægna þátt í ákvörðun þeirra um að sækja landið heim.

Höfuðborgarstofa var framkvæmdaaðili skv. samningnum og bar ábyrgð á framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind voru í honum, en þau voru m.a.:

- **Samstarf í markaðs- og kynningarmálum**
 - o Markaðsáætlun unnin fyrir svæðið í heild.
 - o Markhópagreining fyrir svæðið í heild.
 - o Sameiginlegur myndabanki með ímyndarmyndum sem samstarfsaðilar geta nýtt við markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu.
 - o Framleiðsla og útgáfa markaðsefnis til að kynna höfuðborgarsvæðið sem áfangastað undir merkjum Reykjavíkur.
 - o Sameiginlegur vefur (visitreykjavik.is), samfélagsmiðlar og viðburðadagatal
 - o Birtingaáætlun fyrir vörumerkið Reykjavík til eins árs í senn.
 - Sameiginlegar og sértækar birtingar ákveðnar af samstarfsnefnd hverju sinni.

Um mitt ár 2017 hófst vinna við áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið og var sú vinna leidd af Höfuðborgarstofu. Sú vinna spratt af frumkvæði stjórnvalda um að fá alla landshluta til að gera áfangastaðaáætlanir og í framhaldi af því yrðu stofnaðar áfangastaðastofur á grundvelli markaðsstofa landshlutanna. Samhliða vinnu að áfangastaðaáætlun var skoðaður grundvöllur þess að skoða hvort stofna skyldi áfangastaðastofu á höfuðborgarsvæðinu. Því miður náðist ekki samkomulag um útfærslu og aðgerðir og var þessi áætlun aldrei fullgerð. Vorið 2018 hófst vinna við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg réðst í miklar aðgerðir í kjölfar Covid og varði 150 milljónum kr. í markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjavík til viðbótar þeim fjármunum sem þegar voru eyrnamerkir málaflökknum. Var ferðamálastefnan svo samþykkt árið 2020 og í framhaldi af því blásið til sóknar og hefur Höfuðborgarstofa unnið að markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins.

Með tilkomu áfangastaðastofu mun hlutverk Höfuðborgarstofu breytast þar sem stór hluti verkefna hennar mun flytjast til stofunnar, þá aðallega markaðssetning áfangastaðarins. Er stefnt að því að áfangastaðastofa taki við þeim verkefnum á árinu 2023.

Í þessum kafla verður farið yfir helstu verkefni sem snúa að markaðssetningu áfangastaðarins og þeim herferðum sem ráðist hefur verið í lýst. Þar sem umfang og rammi áfangastaðastofu á eftir að mótaskast verður lögð áhersla á það sem þegar hefur verið gert og sú þekking og reynsla sem nú þegar eru til staðar nýttar. Því munu ekki verða sett fram nýjar áætlanir um markaðssetningu áfangastaðarins heldur byggt á þeirri vinnu sem Höfuðborgarstofa hefur leitt undanfarin ár.



Helstu verkefni við markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins fyrir erlendan markað

Hér verður farið yfir helstu verkefni sem áfangastaðastofa mun bera ábyrgð á frá og með stofnun hennar:

Vefsíða

Visitreykjavik.is er upplýsingasíða fyrir áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið. Útlit síðunnar er byggt á vörumerkjavinnu sem Höfuðborgarstofa vann að samhliða herferð sem kölluð er RE herferðin og hefur þróast áfram í vörumerkjavísi fyrir Visit Reykjavík. Á síðunni eru dregnir fram lykiláningarstaðir á höfuðborgarsvæðinu og eru sveitarfélögin í kringum Reykjavík dregin sérstaklega fram undir liðnum City Areas og í almennu markaðsefni undir nafni Visit Reykjavík. Auk þess geta fyrirtæki skráð sig sérstaklega á síðuna í gegnum skráningakerfið Hvirfil, en kerfið er hannað sérstaklega fyrir viðburði og rekstraraðila með það í huga að þeir aðilar fái eins konar undirsíðu á heimasíðunni fyrir sitt fyrirtæki eða viðburð. Hins vegar verður endanleg útfærsla á útliti og umfangi fyrirtækja á síðunni í höndum áfangastaðastofu. Árið 2021 voru notendur á síðunni 574 þúsund og pageviews um 1,5 milljónir. Voru flestar heimsóknir frá Bandaríkjunum. Um 45% heimsókna á vefinn voru úr snjalltækjum og voru flestir notendur á aldursbilinu 25 – 34 ára. Tölur fyrir 2022 gefa til kynna að aukning hafi orðið milli árána 2021 og 2022. Kemur meðal annars fram að fjöldi heimsókna jókst um 23% og flettingar um 19%.

Samfélagsmiðlar

Markaðssetning á samfélagsmiðlum hefur verið í gegnum Facebook, Instagram og Twitter. Hefur Höfuðborgarstofa borið ábyrgð á efnisvinnslu bæði með eigið efni og í samvinnu við aðra hagaðila. Markmiðið hefur verið að styðja við ímynd Reykjavíkur og nágrennis sem áfangastaðar og menningarborgar. Auk þess að styðja við verslun og þjónustu á svæðinu og vekja athygli á erlendri fréttumfjöllun um áfangastaðinn.

Upplýsingagjöf til ferðamanna

Höfuðborgarstofa hefur borið ábyrgð á að tryggja upplýsingamiðlun til ferðamanna í gegnum vefinn og samfélagsmiðla. Töluverður fjöldi fyrirspurna um áfangastaðinn berst í gegnum vefinn og samfélagsmiðla. Fjöldinn er mismunandi eftir tímabilum en hefur aukist töluvert eftir Covid. Aðallega er um að ræða fyrirspurnir sem berast gegnum info@visitreykjavik.is og samfélagsmiðla. Auk þess er fjöldi fyrirspurna svarað í gegnum athugasemdakerfi samfélagsmiðlanna. Á heimasíðunni er jafnframt snjallmenni sem svarar fyrirspurnum. Felst töluvert vinna í svörun og vöktun snjallmennisins, en m.a. þarf að tryggja að það „læri“ á svörun fyrirspurna.

Blaðamenn og áhrifavaldar

Höfuðborgarstofa tekur á móti, svarar og afgreiðir mikinn fjölda fyrirspurna frá erlendum fjölmiðlum og áhrifavöldum. Því til viðbótar hefur Höfuðborgarstofa skipulagt móttökur og ferðir fjölmiðlafólks. Er slík skipulagning unnin í nánú samstarfi við Íslandsstofu. Töluverður fjöldi þessara blaðamanna og áhrifavalda hefur tengst viðburðum sem haldnir eru innan

Reykjavíkurborgar. Á eftir að ákveða með hvaða hætti blaðamenn og áhrifavaldar sem koma vegna viðburða innan Reykjavíkur yrðu þjónustaðir.

Ferðasýningar

Á undanförunum árum hefur Höfuðborgarstofa tekið þátt í lykilferðapjónustusýningum innanlands sem og erlendis. Það eru sýningar eins og Vest Norden, Mid atlantic, WTM og ITB. Á þessu ári tók Höfuðborgarstofa meðal annars þátt í Vest Norden og WTM í London.

Markaðsverkefnið Inspired by Iceland North America miðar að því að kynna vörur, þjónustu og menningu Íslands og áfangastaðinn Reykjavík í Norður Ameríku. Höfuðborgarstofa hefur unnið að því með virkum hætti að hámarka árangur af þátttöku í samstarfinu m.a. með samstarfi um almannatengsl og almannatengslaerferðir á borð við Reunite in Reykjavík. Hefur Höfuðborgarstofa þá unnið efni fyrir samfélagsmiðla og almannatengsl. Höfuðborgarstofa hefur þá staðið að virkara samtali við ÚTON og Tónlistaborgina Reykjavík vegna Reykjavík Calling viðburða og virkri þátttöku á stjórnar- og samráðsfundum verkefnisins.

Höfuðborgarstofa vinnur markvisst með ráðstefnuborginni (Meet in Reykjavík) með það að marki að auka hlutfall ráðstefnugesta af þeim sem sækja borgina heim.

Markaðsherferðir

Höfuðborgarstofa hefur ráðist í nokkrar sértækar herferðir á undanförunum árum. Nú er markaðsstarf unnið á grunni herferðar sem gengur undir nafninu RE herferðin. Var sú herferð fyrst sett í gang sem viðbragð við áhrifum Covid á ferðapjónustu í Reykjavík. Markmiðið er að fá ferðamenn sem koma til Íslands til að stoppa lengur í Reykjavík. Fyrir Covid var meðaldvalartími gesta 2,6 dagar í borginni og oft um að ræða komu- og brottfarardag. Markmið herferðarinnar er að gestir verji að minnsta kosti einum heilum degi á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess á herferðin að skapa Reykjavík sérstöðu í hugum ferðmanna sem hrein og örugg borg, umvafin náttúru þar sem menningarlíf er í blóma, veitingastaðir, verslun og þjónusta á heimsmælikvarða. Veitti borgin sérstöku viðbótarfé að upphæð 150 milljónum í erlenda og innlenda markaðssetningu. Samhliða því var unnið að vörumerkjavísi fyrir vörumerkið Visit Reykjavík og er sá vísir nú notaður í allt markaðsefni Höfuðborgarstofu. Mikilvægt er að taka fram að vörumerkið Reykjavík og Visit Reykjavík eru verðmætustu vörumerki áfangastaðarins og þau vörumerki sem eru, að frátöldu vörumerkinu Íslandi, þekktust á erlendum mörkuðum.

Höfuðborgarstofa hefur unnið með auglýsingarstofum og birtingarhúsum til að ná settum markmiðum. Hafa birtingar á herferðinni og öðru markaðsefni farið í gegnum auglýsinga- og birtingarstofur sem veita Höfuðborgarstofu faglega ráðgjöf um auglýsingabirtingar og uppbyggingu auglýsingaerferða á vefnum til að hámarka árangur og nýtingu fjármagns. Þessi vinna hefur skilað mjög góðum árangri út frá þeim mælikvörðum sem stuðst er við.

Markhópagreining byggir að sama skapi á ítarlegri greiningu sem unnin var af Íslandsstofu þar sem tilgreindir voru verðmætustu markhópar Reykjavíkur og í framhaldi eru það þeir sem hafa sýnt áhuga á Íslandi sem áfangastað og/eða hafa bókað ferðir til landsins.

Hefur birtingarfé Höfuðborgarstofu verið beint að fólki í ferðahugleiðingum og þeim sem þegar eru komin með Ísland inn á radarinn og var því lögð áhersla á að koma Reykjavík að sem áfangastað þegar fólk aflar sér upplýsinga um ferðamöguleika til Íslands, t.d. með efnismiðuðum auglýsingum og auglýsingum á samfélagsmiðlum, samhliða endurbirtingum.

Önnur verkefni í framtíðinni

Við stofnun Áfangastaðastofu verður möguleiki á að stofan beri ábyrgð á fleiri markaðsverkefnum en hér hafa verið nefnd, en um er að ræða verkefni sem á eftir að semja sérstaklega um. Hér má nefna verkefni eins og Film in Reykjavík, markaðsetningu viðburða og Invest in Reykjavík. Taka skal fram að verkefnið Film in Reykjavík er ekki til en miðað við þróun og fjölda verkefna er möguleiki á að skoða það frekar. Þá má nefna verkefni um markaðssetningu svæðisins innanlands. Það hefur alltaf verið rekið af Reykjavíkurborg en spurning hvort sveitarfélög utan Reykjavíkur myndu taka þátt í því verkefni í framtíðinni. Svo eru það möguleg verkefni sem eru unnin í samvinnu við Íslandsstofu, markaðsstofur landshlutanna og Meet in Reykjavík sem á eftir að ákveða með hvaða hætti verði unnin.

Við stofnun áfangastaðastofu

Mikilvægt er að strax við stofnun stofunnar verði mótuð stefna um forgangsverkefni við markaðssetningu áfangastaðarins. Mikilvægt er að leggja áherslu á að samfella verði í markaðsaðgerðum þegar áfangastaðastofa tekur við þ.e. að hún fylgi eftir og byggji ofan á markaðsaðgerðir Höfuðborgarstofu til að byrja með, þ.e. byggji á þeim grunni sem reistur hefur verið. Mörkuð verði markaðsstefna til fimm ára og síðan markaðsáætlun til eins árs í senn innan þeirrar stefnu. Því er hægt að fylgja eftir markaðsáætlun Höfuðborgarstofu út árið 2023 en vinna úr frá eigin áætlun áfangastaðastofu á árinu 2024. Er lagt til að áfangastaðastofa setji fram ákveðna mælikvarða um hvernig markaðsmálum og forgangsöröðun verkefna verði háttáð. Jafnframt verði skoðað hvort stofna eigi faghóp um áherslur, samvinnu og uppbyggingu markaðsmála.



Aðgerðaáætlun sveitarfélaga

Í aðgerðaáætlun sveitarfélaganna er listi yfir þau verkefni sem áætlað er að verði farið í á næstu þremur árum. Í maí 2022 voru sveitarfélög beðin um að taka saman lista yfir þau verkefni sem tengjast ferðapjónustu á svæðinu. Máttu verkefni vera á öllum stigum en þurftu að vera framkvæmd á tímabilinu. Samtals eru þetta 44 verkefni, allt frá uppbyggingu innviða í app fyrir ferðamenn. Af þessum 44 verkefnum eru 20 tengd uppbyggingu í tengslum við náttúruperlur á höfuðborgarsvæðinu, átta verkefni eru tengd menningu og listum, sjö verkefni eru tengd vellíðan og fimm verkefni eru tengd sjálfbærni og verndun áningarstaða. Fjögur verkefnanna voru ekki beint tengd áherslum framtíðarsýnar. Nú verður þessum verkefnum stuttlega lýst en gögnin sem bárust frá sveitarfélögunum er að finna í viðauka 4.



Reykjavík

Reykjavík skilaði inn upplýsingum um átta verkefni

Verkefni 1: Vatnshana í borgarlandi

Verkefnið fellst í að finna hentuga staðsetningu fyrir vatnshana með það að markmiði að mæta þörfum ferðamanna sem best.

Verkefni 2: Menningarmerkingar og vegvísar í Kvosinni

Verkefnið fellst í því að uppfæra eldri menningarmerkingar, fjölga og innleiða vegvísa, samræma útlit þeirra og gera merkingar nútímalegri og aðgengilegri og bæta þannig þjónustu- og upplýsingagjöf til ferðamanna og borgarbúa.

Verkefni 3: Visit Reykjavík app

Markmiðið er að einfalda og bæta upplýsingagjöf til ferðamanna. Styðja við markaðssetningu á menningu, viðburðum, afþreyingu, útivist og öðru sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða gagnvart gestum sem þegar eru í borginni.

Verkefni 4: Rafmagns-vatnastrætó frá Gufunesi í miðborg

Gríðarleg uppbygging í Gufunesi í tengslum við kvikmyndaþorp sem laðar að sér mikið af erlendum gestum og starfsfólk kvikmyndaiðnaðar. Mikil þörf á að bæta vistvænar samgöngur sem styðja við uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu.

Verkefni 5: Almenningsalerni í miðborg Reykjavíkur

Mætir brýnni aðstöðuþörf vegna sífellt stækkandi hóps erlendra ferðamanna í miðborg Reykjavíkur. Bætir nauðsynlega þjónustu við ferðamenn.

Verkefni 6: Hönnun og framleiðsla á nýrri jólavætt

Hanna og framleiða nýja jólavætt, sambærilega við Jólaköttinn á Lækjartorgi, sem tengist sögu okkar og hefðum. Liður í að skapa vetraráfangastað á nýjum svæðum í miðborg Reykjavíkur (Hafnartorg, Austurbakki, Hlemmur) sem byggir á sögu og hefðum landsins. Slíkir staðir, tengdir jólum, laða fjölda ferðamanna að í borgarferðir, sbr. jólamarkaðir í Berlín.

Verkefni 7: Laugarnestangi

Bætt aðgengi að strandlengju Reykjavíkur, borgargarður höfuðborgarbúa, og aðstaða til haftengdrar upplifunar á Laugarnestanga fyrir alla, ferðamenn og borgarbúa.

Verkefni 8: Fuglaskoðunarhús í Blikastaðaskóg

Fuglaskoðunarhús á nýlega umhverfisvernduðu svæði í Blikastaðakró. Hluti af því að byggja upp fleiri segla ferðaþjónustu innan borgarinnar. Góð tenging við Grafarvog og nýtt uppbyggingarhverfi í Gufunesi.

Kópavogur

Kópavogur skilaði inn upplýsingum um sjö verkefni

Verkefni 1: Stígagerð á Vatnsendaheiði

Gerð göngu- og hjólastíga um Vatnsendaheiði með tengingum við Guðmundarlund, kortagerð og merkingar. Árið 2022 hóf Kópavogsbær gerð göngu- og hjólastíga (malarstíga) á svæðinu skv. tillögu að skógræktar- og útivistarsvæði frá 1996. Fyrirhugað er að halda verkefninu áfram.

Verkefni 2: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi

Skilgreindar og stikaðar gönguleiðir í Lækjarbotnalandi sem tengja saman svæði við Tröllabörn, Selhóla, Lakheiði og Selfjall, jafnvel Heiðmörk.

Verkefni 3: Friðlýst svæði við Tröllabörn

Bætt aðstaðu við bílastæði, uppfæra upplýsingaskilti og bæta aðgengi um svæðið.

Verkefni 4: Friðlýst svæði við Borgarholt

Bætt aðgengi um svæðið, uppfæra upplýsingaskilti og fjölga þeim.

Verkefni 5: Trjásafnið í Meltungu

Gerðir hafa verið um 2 km af malar- og kurlstígum um safnið, en verkefnið felst í að setja þar jarðvegsgrindur til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Gert verði leiksvæði í tenglsum við trjásafnið og einnig verði fræðsluskiltum fjölgað og þau uppfærð.

Verkefni 6: Hjólastígurinn Jaðar

Fjallahjólaleið frá Bláfjöllum að Elliðavatni, bæting á stíg.

Verkefni 7: Kópavogsleira – fuglaskoðunarhús og skilti

Útbúa pall og fuglaskoðunarhús við Kópavogsleiru – góð tenging við heilsuhring á Kópavogstúni.

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður skilaði inn upplýsingum um 13 verkefni

Verkefni 1: Seltún í Krýsuvík

Viðhald á stígum á háhitasvæðinu í Seltúni í Krýsuvík og uppbygging göngu- og hjólaleiða á svæðinu er forgangsatriði Hafnarfjarðarbæjar þar sem svæðið er mjög vinsæll ferðamannastaður. Á svæðinu þarf einnig að byggja upp aukna aðstöðu, lengja opnunartíma salerna yfir vetrarmánuðina og koma upp aðstöðu/innviðum fyrir veitingasölu (matarvagna).

Verkefni 2: Hellisgerði - aðgengi fyrir alla

Skrúðgarðurinn Hellisgerði er stolt Hafnarfjarðar. Mikill gróður er í garðinum, hærri tré og runnar og rætur sem eru viðkvæmar fyrir raski. Í dag eru flestir stígar malarstígar og flestar tröppur eru lagðar hraunhellum og mikil þörf á að endurnýja bæði tröppur og stíga, lýsingu og fleira í garðinum.

Svæðið hefur allt verið skipulagt og hannað með altæka hönnun að leiðarljósi svo bæði fatlaðir og ófatlaðir komist á helstu dvalarsvæðin án þess þó að landmótun eigi sér stað svo garðurinn haldi sérstöðu sinni sem eini garðurinn á landinu sem er mótaður eftir landslaginu. Lagðir verða göngustígar, sett upp leiksvæði, setþrep, timburbekkir, ljósastólpar, ljósapollar og kastarar, hraunþrep endur- eða nýlögð ásamt handlistum í þrep og rampar úr smíðajárni í samræmi við landslagshönnun garðsins.

Verkefni 3: Helgafell - merkingar og stikun

Stíka gönguleiðir við Helgafell, sem er vinsæl fjallgönguleið, og merkja gönguleiðirnar með skiltum á svæðinu.

Verkefni 4: Krýsuvíkurborg

Laga veg og aðgengi að svæðinu og byggja upp bílastæði samkvæmt deiliskipulagi sem gerir einnig ráð fyrir göngustígum að berginu og útsýnispalli sem nær út fyrir bergið.

Verkefni 5: Hvaleyrarvatn

Endurskoða aðkomu að vatninu, göngustígur umhverfis Hvaleyrarvatn verði byggður upp miðað við algilda hönnun, uppsetning leiktækja/afþreyingar á svæðinu og uppbygging aðstöðuhúss með fleiri salernum.

Verkefni 6: Gráhelluhraun

Aðskilja umferð gangandi og ríðandi með tveimur brúm til að auka öryggi vegfarenda í Gráhelluhrauni og uppbygging bíla- og hjólastæða fyrir útivistarfólk og uppsetning á upplýsingaskiltum.

Verkefni 7: Leiðarendi

Verndun viðkvæms mosagróðurs með gerð aðkomupalla að hellinum og önnur uppbygging skv. deiliskipulagi. Regluleg þrif í hellinum og endurbygging dropasteina.

Verkefni 8: Tjaldsvæði í Hafnarfirði

Mikil þörf er á viðbótarplássi fyrir ferðavagna þar sem núverandi 10 stæði á tjaldsvæðinu á Víðistaðatúni eru nánast fullnýtt allt sumarið og þörf er á yfirbyggðu skýli með þjónustuaðstöðu fyrir tjaldsvæðið.

Verkefni 9: Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsgötu

Bæta aðstöðu fyrir þá sem stunda sjósund í vikinni við Herjólfsgötu og/eða Sundhöll Hafnarfjarðar.

Verkefni 10: Áningarstaður við Reykjanesbraut

Uppbygging áningarstaðar við Reykjanesbraut við Kapelluna í Kapelluhrauni með skilti sem sýnir helstu þjónustu fyrir ferðamenn í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu

Verkefni 11: Flensborgarhöfn – Óseyrarsvæði

Við Flensborgarhöfn er gert ráð fyrir blandaðri byggð í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi með góðri tengingu við sjóinn og fjölbreytta afþreyingu. Skapandi starfsemi í bland við iðandi mannlíf. Gert er ráð fyrir almenningsvæði í háum gæðaflokki, fjölbreyttri atvinnu og íbúðum í nánnum tengslum ásamt afþreyingu. Þannig mun höfnin laða að sér öflugt mannlíf sem stuðlar að bættri notkun og upplifun og tengja miðbæinn við hafnarsvæðið með framlengdum strandstíg.

Verkefni 12: Hvaleyrarlón

Uppbygging aðstöðu fyrir fuglaskoðun við Hvaleyrarlón. Gerð bílastæðis, fuglaskoðunarhúss og upplýsingaskiltis. Merkja gönguleiðir og koma upp bekkjum.

Verkefni 13: Krýsuvík – stjörnuskoðun

Uppbygging aðstöðu fyrir stjörnuskoðun í Krýsuvík

Garðabær

Garðabær skilaði inn upplýsingum um sex verkefni

Verkefni 1: Frá landnámi til nútíma - Minjagarðurinn að Hofsstöðum

Minjagarðurinn á Hofsstöðum við Kirkjulund hefur að geyma minjar af næststærsta landnámsskála sem fundist hefur á Íslandi. Fornleifarannsóknir á svæðinu fóru fram árið 1994 og í kjölfarið var svæðið gert aðgengilegt almenningi. Svæðið hefur verið endurhannað með nýjum upplýsingaskiltum og margmiðlunarefni í sjónaukum sem byggja á rannsókninni. Í gegnum þá má skyggjast inn í lífið á landnámsöld þar sem íbúar skálans sýsla við dagleg störf svo sem járnsmíði og vefnað. Margmiðlunarsýningin Aftur til Hofstaða, sem staðsett er á Garðatorgi 7, er áhugaverð þeim sem vilja fræðast enn meira um Garðabæ allt frá landnámi og til dagsins í dag. Með margmiðlunartækni gefst gestum færi á að ferðast á milli tímabila og sækja sér fróðleiksmola um landnámið jafnt sem þróun byggðar í Garðabæ. Vefur sem tengdur er sýningunum tveimur er aðgengilegur í gegnum kóða á skiltum og á netinu. Sýningarsvæðin tvö eru tengd saman með nokkurs konar ratleik í formi fræðsluskilta sem liggja á milli Garðatorgs og Minjagarðsins. Það er margmiðlunarfyrirtækið Gagarín sem hannaði sýningarnar og vefsvæðið.

Verkefni 2: Vífilsstaðavatn og Vatnsmýri í Vífilsstaðahrauni

Breytingar í kringum bílastæði eins og stækkun stæðis og salernisaðstaða. Setja upp fræðsluskilti og fuglaskoðunarhús. Byggja upp votlendispalla við útivistarstíginn og girða af og loka villistígum umhverfis vatnið.

Verkefni 3: Garðahverfi - verndarsvæði í byggð

Undirbúningsvinna við að kostnaðarmeta og áfangaskipta uppbyggingu á sögu- og útivistarleiðum í Garðahverfi, svokallaðri náttúruleið, byggðarleið og minningaleið sem ættu upphafspunkt í miðju hverfisins við burstabæinn Krók á Garðaholti.

Verkefni 4: Búrfell - frá hrauni til gígs

Uppbygging á stjörnuskoðunarsvæði í grennd bílastæðis við Búrfellsgjá. Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði að Búrfellsgjá.

Verkefni 5: Fjöruferð á Álftanesi

Endurnýjun á fræðsluskiltum og áningarstöðum við fjörur á Álftanesi. Gerð kynningarefnis. Uppsetning á salernisaðstöðu.

Verkefni 6: Bessastaðir

Áframhaldandi samstarf við forsetaembættið um frekari þróun á áfangastaðnum Bessastöðum og nágrenni. Gera áætlun um uppbyggingu á svæðinu, s.s. hvar megi bæta úr gerð göngustíga og tengja við önnur svæði, miðlun fræðslu o.fl.

Mosfellsbær

Mosfellsbær skilaði inn upplýsingum um fimm verkefni.

Verkefni 1: Friðlýst svæði við Álafoss - styrking palls

Verkefnið fellst í lagfæringu palls og stoðveggjar framan við Álafoss í Varmá að neðanverðu. Pallurinn og veggurinn eru í slæmu ástandi enda um að ræða gamlan grunn sem áin hefur flætt undir og veikt undirstöður. Nauðsynlegt er að lagfæra og styrkja pall og grunn áður en hægt er að ráðast í frekari úrbætur á svæðinu varðandi aðgengi og móttöku ferðamanna.

Verkefni 2: Friðlýst svæði við Álafoss - bætt aðgengi

Verkefnið gengur út á að skapa bætt aðgengi að Álafossi, byggja upp timburpall, koma á tengingu milli svæða ofan og neðan við fossinn og setja göngubrú yfir að friðlýsingaskilti norðan við Varmá. Raunhæft er að ráðast í verkefnið eftir að búið er að setja varanlega styrkingu á grunnstoðum palls og stoðveggjar við Álafoss, sjá verkefni 1.

Verkefni 3: Sundaðstaða við Hafravatn

Uppbygging á aðstöðu til sundiðkunar í Hafravatni í Mosfellsbæ, uppsetning á litlu bílplani, palli út í vatnið og skýli til að skipta um föt í.

Verkefni 4: Fólkvangur í Bringum í Mosfellsdal

Bætt aðgengi að fólkvangnum og Helgufossi með gerð göngustígs frá bílastæði að fossinum. Um er að ræða grófan malarstíg með sterku góðu undirlagi og jarðvegsskiptum.

Verkefni 5: Útivistarsvæðið við Hamrahlíð við Úlfarsfell

Verkefninu er ætlað að lagfæra bílastæði og bæta aðkomu og stígakerfi við upphaf gönguleiða um skógarsvæðið og á Hamrahlíð við Úlfarsfell. Bílastæðið er löngu orðið of lítið enda ásókn í svæðið gríðarleg og undirlag ekki gert fyrir þann fjölda sem sækir svæðið heim. Bæta þarf aðkomu að svæðinu, setja upp fræðsluskilti, bekki, grillskýli og dvalarsvæði fyrir gesti. Stígarnir í kring hafa orðið fyrir miklum skemmdum af völdum vatns og frostlyftinga á síðustu árum og þarfnast viðhalds. Svæðið er mikið notað af gestum víðsvegar frá og hætta getur skapast þegar stígar eru sundurgrafnir.

Seltjarnarnes

Seltjarnarnes skilaði inn upplýsingum um fimm verkefni.

Verkefni 1: Frágangur fornminja og gerð útsýnisstaðar við Móakot

Háskóli Íslands, fornleifadeild í samstarfi við Seltjarnarnesbæ rannsakaði fornminjar við Móakot á Seltjarnarnesi á árunum 2013–2020. Markverðar minjar fundust, m.a. voru skýr ummerki um hóbýli fólks á þessum stað allt aftur til 16. /17. aldar. Markmiðið er að hluti minjanna sem fundust verði sýnilegar almenningi og búið verði svo um að hægt verði að ganga að minjunum án þess að skemma þær. Einnig stendur til að lagfæra lóðina og að þar verði gerður eins konar útsýnisstaður þar sem bæði verður hægt að tylla sér niður og njóta útsýnis í vesturátt sem og að horfa yfir minjarnar og lesa um merka sögu Móakots, skoða skýringarmyndir af uppgreftrinum o.fl. á upplýsingaskiltum. Staðsetningin og umhverfið er þannig að margir munu leggja leið sína þarna, hvort sem er íbúar, gestir eða erlendir ferðamenn. Þetta verður áhugaverður staður að staldra við, skoða, njóta og upplifa menningarminjar og útsýnis.

Verkefni 2: Gerð gönguleiðar/stígs sem mun liggja á milli safnasvæðisins (Nesstofa/ Náttúruhús) og Snoppu, framhjá Gróttubyggð og Ráðagerði

Til stendur að (endur)gera göngustíga/slóða á vestursvæðunum, einni helstu náttúruperlu Seltjarnarness sem dregur að sér fjölda gesta sem vilja njóta útiveru. Þarna eru friðuð svæði, á náttúruminjaskrá og/eða hverfisvernduð enda mikið um fornminjar og einstakt fuglalíf og mikilvægt að verja náttúruna og menningarminjarnar. Á sama tíma þarf að tryggja aðgengi íbúa og ferðafólks að svæðinu sem og tengingar og flæði á milli á þann hátt að hægt verði að ferðast á milli náttúruperlanna og sögufrægra staða (segla) án þess að það hafi neikvæð áhrif á náttúruna.

Verkefni 3: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis - aðgengi, stýring og verndun náttúru

Endurskoðun á vestursvæði Gróttu á Seltjarnarnesi. Fjölgun ferðamanna hefur nú þegar aukið aðsókn á svæðið til mikilla muna auk þess sem Ráðagerði dregur að sér fjölda gesta auk þess sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn ferðamanna, skólabarna og almennra gesta í fyrirhugað Náttúruhús. Í skoðun er að færa bílastæði við Gróttu, a.m.k. að hluta, að Ráðagerði og Náttúruhúsi. Að það verði þannig úr garði gert að gestir skilji bílinn helst eftir á einum stað og gangi svo eftir göngustígum á milli staða til að njóta útiveru. Með þessu myndi létta á viðkvæmum svæðum og ágangi umferðar í íbúagötur en um leið sköpuð betri og öruggari aðkoma að svæðinu og flæði og tengingar á milli seglanna á svæðinu tryggð.

Verkefni 4: Sjósundaðstaða við Kotagrandu á Seltjarnarnesi

Markmið verkefnisins er að setja upp aðstöðu fyrir sjósund við Seltjörnina og Bakkavík á Seltjarnarnesi. Nú hefur verið lögð fram útfærð tillaga og arkitektateikningar að gagngerum endurbótum sem felur í sér að byggt yrði skýli með skiptiklefum, salerni og sturtuástöðu. Hugmyndin hefur fengið hefur mjög jákvæðar umsagnir viðeigandi nefnda og stjórnenda innan bæjarins. Útfærslan yrði með þeim hætti að aðstaðan myndi falla vel í umhverfið og hefði ekki neikvæð áhrif á náttúruna.

Verkefni 5: Samræmdar merkingar og upplýsingarskilti



Setja upp samræmdar merkingar og upplýsingaskilti sem falla vel að umhverfinu á Seltjarnarnesi. Skiltin yrðu leiðarvísar auk þess að veita upplýsingar um áhugaverða staði, náttúruna, fuglalífið, söguna, menningarminjar o.fl. Hugmyndin miðar að því að á skiltunum yrði hægt að miðla fræðslu til gesta/vegfarenda með tæknilegum lausnum, s.s. í gegnum snjallsíma og útlit þeirra yrði í takt við það sem bent er á í Vegrún - merkinga- og leiðakerfinu sem sérstaklega er hannað er til að falla að náttúru Íslands.





Viðauki 1

- Fjöldi gistinguáttanna eftir svæðum og mánuðum

Á myndunum má sjá þróun fjölda gistinguáttanna milli mánuða á þeim fjórum svæðum sem höfuðborgarsvæði er skipt eftir hjá Hagstofunni.








Viðauki 2

- Þróun markaðssvæða eftir mánuðum.

Bandaríkin




Eins og komið hefur fram eru Bandaríkin stærsta markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi töflur sýna hvernig þróunin er á milli mánaða og svæða:






Bretland

Eins og komið hefur fram eru Bandaríkin stærsta markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi töflur sýna hvernig þróunin er á milli mánaða og svæða:



Pýskaland

Pýskaland hefur verið gríðarlega mikilvægt markaðssvæði fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Hins vegar er Pýskaland komið í þriðja sætið meðan að Bandaríkjamarkaður hefur vaxið. Þjóðverjar koma hins vegar mestmegnis hingað á háannatíma.







Viðauki 3

- Fjöldi launþega í ferðaþjónustu eftir sveitarfélögum



Reykjavík

Reykjavík	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	5.980	6.763	7.053	6.608	5.698	4.044	3.774
Erl. starfsmenn	2.053	2.655	3.345	3.817	3.905	2.627	2.611
Ísl. starfsmenn aukastarf	623	733	721	650	591	459	449
Erl. starfsmenn aukastarf	220	290	371	454	453	310	287
Heild	8.876	10.441	11.490	11.529	10.647	7.439	7.121





Kópavogur

Kópavogur	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	1.635	1.945	2.085	2.057	1.781	1.329	1.205
Erl. starfsmenn	329	456	547	592	556	408	407
Ísl. starfsmenn aukastarf	186	232	226	201	183	103	120
Erl. starfsmenn aukastarf	34	49	71	67	67	33	49
Heild	2.184	2.681	2.929	2.916	2.587	1.873	1.782





Hafnarfjörður

Hafnarfjörður	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	1.446	1.738	1.866	1.805	1.594	1.168	1.030
Erl. starfsmenn	270	353	433	445	420	310	287
Ísl. starfsmenn aukastarf	169	196	183	165	147	89	104
Erl. starfsmenn aukastarf	24	46	42	44	35	22	29
Heild	1.909	2.332	2.524	2.460	2.196	1.589	1.450





Garðabær

Garðabær	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	905	1018	1115	1145	1058	842	785
Erl. starfsmenn	67	75	95	115	115	93	94
Ísl. starfsmenn aukastarf	78	97	97	87	87	66	89
Erl. starfsmenn aukastarf	11	10	9	13	13	6	10
Heild	1061	1199	1316	1359	1273	1006	978





Mosfellsbær

Mosfellsbær	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	415	482	533	570	536	432	414
Erl. starfsmenn	40	67	88	103	111	82	77
Ísl. starfsmenn aukastarf	42	57	62	58	57	42	40
Erl. starfsmenn aukastarf	3	5	7	6	12	5	6
Heild	499	611	690	738	715	561	537



Seltjarnarnes

Seltjarnarnes	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísl. starfsmenn	225	263	274	255	230	166	154
Erl. starfsmenn	34	46	62	69	65	49	49
Ísl. starfsmenn aukastarf	42	28	29	21	20	15	15
Erl. starfsmenn aukastarf	5	5	5	3	5	2	2
Heild	306	342	370	348	320	232	219



Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins - Aðgerðaáætlun 2023-2026			
Verkefni 1		Heiti verkefnis	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Fjölga vatnshönum í borgarlandi</i>	<i>Staðsetning: Miðborg Reykjavíkur og víðar</i> <i>Verkefninu er ætlað að gera finna hentuga staðsetningu fyrir vatnshana með það að marki að mæta þörfum ferðamanna sem best</i>	<i>Verkefninu er ætlað að meta endanlegan kostnað.</i>	<i>Reykjavíkurborg, Umhverfis og skipulagssvið</i>

Verkefni 2		Heiti verkefnis:	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Menningarmerkingar og vegvísar í borgarlandi. Verkefninu er ætlað að uppfæra eldri menningarmerkingar og fjölga og innleiða vegvísa, samræma útlit þeirra og gera þær nútímalegri og aðgengilegri og bæta þannig þjónustu- og upplýsingagjöf til ferðamanna og borgarbúa.</i>	<i>Menningarmerkingar og vegvísar í Kvosinni</i>	<i>5.000.000 kr.</i>	<i>Reykjavíkurborg; Umhverfis og skipulagssvið, Menningar og ferðamálasvið</i>

Verkefni 3		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Visit Reykjavík app. Markmið verkefnisins er að einfalda og bæta upplýsingagjöf til ferðamanna. Styðja við markaðssetningu á menningu, viðburðum, afþreyingu, útivist og öðru sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða gagnvart gestum sem þegar eru í borginni.</i></p>		<p><i>Hönnun, uppsetning, prófanir og útgáfa. Hönnunarferli 2023, útgáfa 2024</i></p>	<p><i>12.000.000</i></p>	<p><i>Reykjavíkurborg; Höfuðborgarstofa</i></p>

Verkefni 4		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Rafmagns-vatnastrætó frá Gufunesi í miðborg. Gríðarleg uppbygging í Gufunesi í tengslum við kvikmyndaborp sem laðar að sér mikið af erlendum gestum og starfsfólki kvikmyndaíðnaðar. Mikil þörf á að bæta vistvænar samgöngur sem styðja við uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu.</i></p>		<p><i>Greining á tækifærum og rekstraráætlun.</i></p>	<p><i>6.000.000 kr.</i></p>	<p><i>Reykjavíkurborg - Umhverfis og skipulagssvið</i></p>

Verkefni 5		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Almenningssalerni í miðborg Reykjavíkur. Mætir brýnni aðstöðuþörf vegna sífellt stækkandi hóps erlendra ferðamanna í miðborg Reykjavíkur. Bætur nauðsynlega þjónustu við ferðamenn.</i></p>		<p><i>Almenningssalerni á Bernhöftstorfu</i></p>	<p><i>15.000.000 kr.</i></p>	<p><i>Reykjavíkurborg - Umhverfis og skipulagssvið</i></p>

Verkefni 6		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p>Hanna og framleiða nýjan jólavætt, sambærilegan við Jólaköttinn á Lækjartorgi, sem tengist sögu okkar og hefðum. Liður í að skapa vetraráfangastað á nýjum svæðum í miðborg Reykjavíkur (Hafnartorg, Austurbakki, Hlemmur) sem byggir á sögu og hefðum landsins. Slíkir staðir, tengdir jólum, laða fjölda ferðamanna að í borgarferðir, sbr. jólamarkaðir í Berlín.</p>		<p>Hönnun og framleiðsla á nýrri jólavætt. Verkefninu ætlað að velja hver vættin verður (t.d. Grýla) og velja henni endanlega staðsetningu á einum af nýjum svæðum í miðborg Reykjavíkur.</p>	<p>15.000.000 kr.</p>	<p>Reykjavíkurborg: Menningar og ferðamálasvið og Umhverfis og skipulagssvið</p>

Verkefni 7		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p>Bætt aðgengi að strandlengju Reykjavíkur, borgargarð höfuðborgarbúa, og aðstaða til haftengdrar upplifunar á Laugarnestanga fyrir alla, ferðamenn og borgarbúa.</p>		<p>Laugarnestangi- Bætt aðgengi með stigagerð og framkvæmd dvalarsvæðis í formi kyrrðar- og hugleiðslurýmis.</p>	<p>5.000.000 kr.</p>	<p>Reykjavíkurborg Umhverfis og skipulagssvið</p>

Verkefni 8		Heiti verkefnis:		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p>Fuglaskoðunarhús á nýlega umhverfisvernduðu svæði í Blikastaðakró. Hluti af því að byggja upp fleiri segla ferðapjónustu innan borgarinnar. Góð tenging við Grafarvog og nýtt uppbyggingarhverfi í Gufunesi.</p>		<p>Blikastaðakró, koma upp aðstöðu til fuglaskoðunar fyrir ferðamenn á verndunarsvæði við Blikastaðakró</p>	<p>4.000.000</p>	<p>Reykjavíkurborg, Umhverfis og skipulagssvið</p>

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

-

Aðgerðaáætlun 2023-2026+A3:D7

Verkefni 1		Heiti verkefnis: Stígagerð á Vatnsendaheiði	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Gerð göngu- og hjólastíga um Vatnsendaheiði með tengingum við Guðmundarlund, kortagerð og merkingar. Árið 2022 hóf Kópavogsbær gerð göngu- og hjólastíga (malarstíga) á svæðinu skv. tillögu aðskógræktar- og útivistarsvæðis frá 1996. Fyrirhugað er að halda verkefninu áfram.	Vatnsendaheiði er einskonar Kópavogshluti Heiðmerkur og tengir saman Elliðavatn, Vífilstaðavatn og fleiri svæði með Guðmundarlund sem miðpunkt. Æskilegt að að ljúka verkefninu á 1-2 árum.	30 milljónir, miðað við að gerðir verði um 3 km af stígum til viðbótar þeim sem komnir eru.	Kópavogsbær, í samvinnu við Garðabæ og Reykjavík (Skógr.fél. Rvk.) ef farið er yfir bæjarmörk á svæðinu, t.d. við Vatnsendaborg og Arnarbæli.

Verkefni 2		Heiti verkefnis: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi - stígagerð, stikun og merkingar	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Skilgreindar og stikaðar gönguleiðir í Lækjarbotnalandi sem tengja saman svæði við Tröllabörn, Selhóla, Lakheiði og Selfjall, jafnvel Heiðmörk.	Lækjarbotnaland er ofan Heiðmerkur, sunnan við Geirland og Lögbergsbrekku.	30 milljónir, miðað við að gerðir verði um 2,5 km af stígum í Selhólum og Lakheiði en aðrar leiðir stikaðar	Kópavogsbær, í samvinnu við Reykjavík (Skógr.fél. Rvk.) ef farið er yfir bæjarmörk á svæðinu milli Selfjalls og Heiðarveggar í Heiðmörk

Verkefni 3		Heiti verkefnis: Friðlýst svæði við Tröllabörn - bætt aðgengi og merking	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Bætt aðstaða við bílastæði, uppfæra upplýsingaskilti og bæta aðgengi um svæðið.	Tröllabörn er friðlýst náttúruvætti í Lækjarbotnum, nærri Suðurlandsvegi. Vegagerðin vinnur nú að gerð tengivegar við svæðið og er æskilegt að umbætur séu gerðar í tengslum við frágang svæðisins.	10 milljónir	Kópavogsbær, í samvinnu við Umhverfisstofnun

Verkefni 4		Heiti verkefnis: Friðlýst svæði á Borgarholti - bætt aðgengi og merkingar	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Bætt aðgengi um svæðið (ath. "svifstíga?"), uppfæra upplýsingaskilti og fjölga þeim.	Borgir (Borgarholt) er friðlýst náttúruvætti umhverfis Kópavogskirkju, þegar sem minjar um sjávarstöðu á ísöld eru óvenju glöggar. Gróðurfarsleg fjölbreytni þar er einstök í miðju byggðar, en í Borgarholti er að finna um fjórðung Íslensku flórunnar, aðeins í 100 metra fjarlægð frá Náttúrfræðistofu Kópavogs, sem býður upp á mikla möguleika.	40 milljónir	Kópavogsbær, í samvinnu við Umhverfisstofnun

Verkefni 5		Heiti verkefnis: Trjásafnið í Meltungu - bætt aðgengi og aðstaða	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Gerðir hafa verið um 2 km af malar- og kurlstígum um safnið, en verkefnið felst í að setja þar jarðvegsgrindur til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Gert verið leiksvæði í tengslum við trjásafnið og einnig verði fræðsluskiltum fjölgað og þau uppfærð.	Trjásafnið í Meltungu er austast í Fossvogsdal, við Blesugróf. Þangað liggja göngu- og hjólastígar vestan frá eftir dalnum og að austanerðu frá Elliðaárdal. Tegundir og yrki trjáa og runna í safninu er um 1.200 og er Meltunga því með stærstu plöntusöfnum landsins, þar á meðal er einn stærsti rósagarðurinn.	40 milljónir	Kópavogsbær

Verkefni 6		Heiti verkefnis: Hjólastígurinn Jaðar	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Fjallahjólaleið frá Bláfjöllum að Elliðavatni - Bæting á stíg	Í upplandi Kópavogs - Frá Bláfjallavegi að Elliðavatni	25 milljónir	Kópavogsbær í samvinnu við Reykjavíkurborg

Verkefni 7		Heiti verkefnis: Kópavogsleira - fuglaskoðunarhús og skilti	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun) (sýnidæmi)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i>
Útbúa pall og fuglaskoðunarhús við Kópavogsleiru - góð tenging við heilsuhring á Kópavogstúni	Friðlýst svæði í botni Kópavogs - einstakt fuglalíf	15 milljónir	Kópavogsbær, í samvinnu við Umhverfisstofnun

Hafnarfjörður

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins - Aðgerðaáætlun 2023-2026

Verkefni 1		Heiti verkefnis: Seltún í Krýsuvík	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Viðhald stíga og uppbygging aðstöðu í Seltúni</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Viðhald á stígum á háhitasvæðinu í Seltúni í Krýsuvík og uppbygging göngu- og hjólaleiða á svæðinu er forgangsatridi Hafnarfjarðarbæjar þar sem svæðið er mjög vinsæll ferðamannastaður. Á svæðinu þarf einnig að byggja upp aukna aðstöðu, lengja opnunartíma salerna yfir vetrarmánuðina og koma upp aðstöðu/innviðum fyrir matsölu (matarvagna).</i>	<i>Staðsetning: Krýsuvík í landi Hafnarfjarðar í Reykjanesfólkvangi</i>	<i>200 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær í samstarfi við Reykjanesfólkvang</i>

Verkefni 2		Heiti verkefnis: Hellisgerði - aðgengi fyrir alla		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Aðgengi fyrir alla í Hellisgerði</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<p><i>Skrúðgarðurinn Hellisgerði er stolt Hafnarfjarðar. Mikill gróður er í garðinum, hærri tré og runnar og rætur sem eru viðkvæmar fyrir raski. Í dag eru flestir stígar malarstígar og flestar tröppur eru lagðar hraunhellum og mikil þörf á að endurnýja bæði tröppur og stíga, lýsingu og fleira í garðinum.</i></p> <p><i>Svæðið hefur allt verið skipulagt og hannað með altæka hönnun að leiðarljósi svo bæði fatlaðir og ófatlaðir komist á helstu dvalarsvæðin án þess þó að landmótun eigi sér stað svo garðurinn haldi sérstöðu sinni sem eini garðurinn á landinu sem er mótaður eftir landslaginu. Lagðir verða göngustígar, sett upp leiksvæði, setþrep, timburbekkir, ljósastólpur, ljósapollar og kastarar, hraunþrep endur- eða nýlögð ásamt handlistum í þrep og rampar úr smíðajárni í samræmi við landslagshönnun garðsins.</i></p>		<p><i>Staðsetning: Miðbær Hafnarfjarðar</i></p> <p><i>Hellisgerði fagnar 100 ára afmæli árið 2023. Framkvæmdir eru hafnar en verða gerðar í áföngum á næstu árum.</i></p>	<i>Áætlað er að framkvæmdir ársins 2023 kosti 52 milljónir.</i>	<i>Hafnarfjarðarbær</i>

Verkefni 3		Heiti verkefnis: Helgafell - merkingar og stikun		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Merkingar og stikun gönguleiða við Helgafell</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Stíka gönguleiðir við Helgafell, sem er vinsæl fjallgönguleið, og merkja gönguleiðirnar með skiltum á svæðinu.</i>		<i>Staðsetning: Helgafell skammt frá Kaldárseli í upplandi Hafnarfjarðar</i>	<i>10 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær og Skógrækt Hafnarfjarðar</i>

Verkefni 4		Heiti verkefnis: Krýsuvíkurborg		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Uppbygging við Krýsuvíkurborg skv. deiliskipulagi		Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Laga veg og aðgengi að svæðinu og byggja upp bílastæði samkvæmt deiliskipulagi sem gerir einnig ráð fyrir göngustígum að berginu og útsýnispalli sem nær út fyrir bergið.		Staðsetning: Krýsuvík í landi Hafnarfjarðar í Reykjanesfólkvangi Krýsuvíkurborg er á landsáætlun	200 milljónir	Hafnarfjarðarbær

Verkefni 5		Heiti verkefnis: Hvaleyrarvatn		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Breytt aðkoma og uppbygging við Hvaleyrarvatn		Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Endurskoða aðkomu að vatninu, göngustígur umhverfis Hvaleyrarvatn verði byggður upp miðað við algilda hönnun, uppsetning leiktækja/afþreyingar á svæðinu og uppbygging aðstöðuhúss með fleiri salernum.		Staðsetning: Uppland Hafnarfjarðar við Kaldárselsveg	200 milljónir	Hafnarfjarðarbær

Verkefni 6		Heiti verkefnis: Gráhelluhraun		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Uppbygging í Gráhelluhrauni		Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Aðskilja umferð gangandi og ríðandi með tveimur brúm til að auka öryggi vegfarenda í Gráhelluhrauni og uppbygging bíla- og hjólastæða fyrir útvistarfolk og uppsetning á upplýsingaskiltum.		Staðsetning: Gráhelluhraun við Kaldárselsveg	50 milljónir	Hafnarfjarðarbær

Verkefni 7		Heiti verkefnis: Leiðarendi		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Uppbygging skv. deiliskipulagi við hellinn Leiðarenda</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Verndun viðkvæms mosagróðurs með gerð aðkomupalla að hellinum og önnur uppbygging skv. deiliskipulagi. Regluleg þrif í hellinum og endurbygging dropasteina.</i>		<i>Staðsetning: Bláfjallavegur</i>	<i>70 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær í samstarfi við Hellarannsóknarfélag Íslands.</i>

Verkefni 8		Heiti verkefnis: Tjaldsvæði í Hafnarfirði		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Viðbótarpláss fyrir ferðavagna og yfirbyggt skýli á tjaldsvæðinu á Víðistaðatúni</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Mikil þörf er á viðbótarplássi fyrir ferðavagna þar sem núverandi 10 stæði á tjaldsvæðinu á Víðistaðatúni eru nánast fullnýtt allt sumarið og þörf er á yfirbyggðu skýli með þjónustuaðstöðu fyrir tjaldsvæðið.</i>		<i>Staðsetning: Norðurbær Hafnarfjarðar</i>	<i>30 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær í samstarfi við rekstraraðila, Skátafélagið Hraunbúar</i>

Verkefni 9		Heiti verkefnis: Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsgötu		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Aðstaða til sjóbaða við Herjólfsgötu</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Bæta aðstöðu fyrir þá sem stunda sjósund í vikinni við Herjólfsgötu og/eða Sundhöll Hafnarfjarðar.</i>		<i>Staðsetning: Í fólkvanginum Hleinar við Langeyrarmalir</i>	<i>5-50 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær</i>

Verkefni 10		Heiti verkefnis: Áningarstaður við Reykjanesbraut		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Uppbygging áningarstaðar við Reykjanesbraut		Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Uppbygging áningarstaðar á Reykjanesbraut við Kapelluna í Kapelluhrauni með skilti sem sýnir helstu þjónustu fyrir ferðamenn í Hafnarfirði og höfuðborgarsvæðinu		Staðsetning: Reykjanesbraut til móts við álverið í Straumsvík	15 milljónir	Hafnarfjarðarbær í samstarfi við Vegagerðina

Verkefni 11		Heiti verkefnis: Flensborgarhöfn - Óseyrarsvæði		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Samspil hafnar og bæjar		Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Við Flensborgarhöfn er gert ráð fyrir blandaðri byggð í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi með góðri tengingu við sjóinn og fjölbreytta afþreyingu. Skapandi starfsemi í bland við iðandi mannlíf. Gert er ráð fyrir almenningsvæði í háum gæðaflokki, fjölbreyttri atvinnu og íbúðum í nánum tengslum ásamt afþreyingu. Þannig mun höfnin laða að sér öflugt mannlíf sem stuðlar að bættri notkun og upplifun og tengja miðbæinn við Hafnarsvæðið með framlengdum strandstíg.		Staðsetning: Flensborgarhöfn - Þétting byggðar Aðalskipulagsbreyting á leið í auglýsingu. Næst hefst vinna við deiliskipulag.		Hafnarfjarðarbær, Hafnarfjarðarhöfn og einkaaðilar

Verkefni 12		Heiti verkefnis: Hvaleyrarlón		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Uppbygging aðstöðu fyrir fuglaskoðun við Hvaleyrarlón. Gerð bílastæðis, fuglaskoðunarhúss og upplýsingaskiltis. Merkja gönguleiðir og koma upp bekkjum.</i>		<i>Staðsetning: Hvaleyrarlón</i>	<i>20 milljónir</i>	<i>Hafnarfjarðarbær</i>

Verkefni 13		Heiti verkefnis: Krýsuvík - stjörnuskoðun		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Uppbygging aðstöðu fyrir stjörnuskoðun í Krýsuvík</i>				<i>Einkaaðilar</i>

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins - Aðgerðaáætlun 2023-2026

Verkefni 1			
<i>Heiti verkefnis: Frá landnámi til nútíma - Minjagarðurinn að Hofsstöðum</i>			
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Minjagarðurinn á Hofsstöðum við Kirkjulund hefur að geyma minjar af næst stærsta landnámskála sem fundist hefur á Íslandi. Fornleifarannsóknir á svæðinu fóru fram árið 1994 og í kjölfarið var svæðið gert aðgengilegt almennungi. Svæðið hefur verið endurhannað með nýjum upplýsingaskiltum og margmiðlunarefni í kíkjum sem byggja á rannsókninni. Í gegnum kíkjana má skyggjast inn í lífið á landnámsöld þar sem íbúar skálans sýsla við dagleg störf svo sem járnsmíði og vefnað. Margmiðlunarsýningin Aftur til Hofsstæða, sem staðsett er á Garðatorgi 7, er áhugaverð þeim sem viljast fræðast enn meira um Garðabæ allt frá landnámi og til dagsins í dag. Með margmiðlunartækni gefst gestum færi á að ferðast á milli tímabila og sækja sér fróðleiksmola um landnámið jafnt sem þróun byggðar í Garðabæ. Vefur sem tengdur er sýningunum tveimur en aðgengilegur í gegnum kóða á skiltum og á netinu. Sýningarsvæðin tvö eru tengd saman með nokkurskonar ratleik í formi fræðsluskilta sem liggja á milli Garðatorgs og Minjagarðsins. Það er margmiðlunarfyrtækið Gagarín sem hannaði sýningarnar og vefsvæðið.</i>	<i>Minjagarðurinn á Hofsstöðum er staðsettur við Kirkjulund en margmiðlunarsýningin Aftur til Hofsstæða er á Garðatorgi 7. Unnið verður að uppbyggingu á sýningunum í áföngum á næstu árum. Skoða þarf aðstæður fyrir þá sem koma á sýningarnar, s.s. hvort koma eigi upp salerni við minjagarðinn. Vinna þarf áætlun um kynningu á sýningunum.</i>	<i>Kostnaður við uppbyggingu sýninganna liggur fyrir að einhverju leyti en er áfangaskipt.</i>	<i>Garðabær í samstarfi við fyrirtækið Gagarín.</i>

Verkefni 2		Heiti verkefnis: Vífilsstaðavatn og Vatnsmýri í Vífilsstaðahrauni	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Vífilsstaðavatn og nágrenni voru friðlýst árið 2007. Friðlýsingin tekur til Vífilsstaðavatns og hlíðanna að sunnan- og austanverðu upp frá vatninu að meðtöldu Grunnvatnsskarði. Lífríki Vífilsstaðavatns hefur verið rannsakað um margra ára skeið. Þar eru sérstæðir stofnar bleikju, urriða, áls og hornsíla. Umhverfis Vífilsstaðavatn er útivistarstígur, hann er um 2,6 km að lengd. Útivistarþekkir eru meðfram stígnum og skýli við bílastæðið við Elliðavatnsveg. Fræðsluskiltum hefur verið komið upp, um lífríki vatnsins, fugla við vatnið og gróður. Útivist í kringum Vífilsstaðavatn og nágrenni nýtur sífellt meiri vinsælda og nauðsynlegt að fara í úrbætur á svæðinu sem og að byggja upp nýja aðstöðu fyrir gesti sem vilja njóta náttúrunnar og um leið að tryggja verndun vatnsins, náttúru og dýralíf á svæðinu.</i>	<i>Stækka malbikaða bílastæði. Salernisaðstaða við bílastæði. Setja upp fræðsluskilti um lífríki vatnsins, flórgoða og aðrar fuglategundir við norðurbakkann. Girða af eða setja tréþall á norðurbakkann til að vernda gróður. Girða af og loka villistigum umhverfis vatnið. Lagfæra gönguslóða upp að Gunnhildi, hann er illa farinn & hefur breikkað mjög mikið frá því sem var. Fuglaskoðunarhús. Vatnsmýrin í Vífilsstaðahrauni: Byggja votlendispalla á útivistarstíginn yfir votu svæðin sem liggja undir vatni stóran hluta úr árinu. Fuglaskoðunarhús.</i>	<i>Gróf kostnaðaráætlun á sambærilegu bílastæði væri um 15 milljónir kr. Salernisaðstaða leigutími frá 15. maí - 1. október ca. 500 þúsund kr. Eftir er að kostnaðarmeta aðra þætti við uppbyggingu.</i>	<i>Garðabær er eigandi svæðisins og ber ábyrgðina. Þar sem svæðið er friðlýst þarf að vinna að endurbótum í samráði við Umhverfisstofnu n.</i>

Verkefni 3		Heiti verkefnis: Garðahverfi - verndarsvæði í byggð	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Garðahverfi á Álftanesi er samþykkt verndarsvæði í byggð. Garðahverfið er sérstaklega aðlaðandi fyrir sögu- og náttúruunnendur. Þar má upplifa gangi tímans, sögu kynslóðanna og árstíðarskipti náttúrunnar. Áherslur deiliskipulags Garðahverfis eru að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja í Garðahverfi og gera það aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Vinna þarf áætlun um hvernig má gera svæðið aðgengilegra fyrir íbúa og ferðamenn með því að byggja upp svo kallaðar söguleiðir í hverfinu: Náttúruleið, byggðarleið og minningaleið. Sjá einnig: https://www.minjastofnun.is/verndarsvaedi-i-byggd/ og https://www.minjastofnun.is/verndarsvaedi-i-byggd/samthykkt-verndarsvaedi/alftanes/</i>	<i>Undirbúningsvinna við að kostnaðarmeta og áfangaskipta uppbyggingu á sögu- og útivistarleiðum í Garðahverfi, sk. náttúruleið, byggðarleið og minningaleið sem ættu upphafspunkt í miðju hverfisins við burstabæinn Krók á Garðaholti. https://www.gardahverfi.is/soeguleidir</i>	<i>Liggur ekki fyrir.</i>	<i>Garðabær er eigandi stærsta hluta landsvæðisins, einnig þarf að hafa samráð við Garðasókn sem ber ábyrgð á Garðakirkju og nágrenni, og ábúendur sem stunda búskap og búa á svæðinu.</i>

Verkefni 4		Heiti verkefnis: Búrfell - frá hrauni til gígs	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni</i>	<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ var friðslýst sem náttúruvætti 2020. Þar eru jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísu og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Svæðið er mjög vinsælt útivistarsvæði. Innan svæðisins er talsvert af menningaminjum frá fornri tíð. Heilmikil uppbygging hefur átt sér stað við að lagfæra göngustíga og reiðstíga á svæðinu ásamt því að búa til gott bílastæði. Framundan er frekari uppbygging á innviðum. Setja þarf upp salernisaðstöðu við bílastæði. Uppbygging á stjörnuskoðunarsvæði fyrir almenning er framundan við hlið bílastæðisins.</i>	<i>Uppbygging á stjörnuskoðunarsvæði í grennd bílastæðis við Búrfellsgjá. Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði að Búrfellsgjá.</i>	<i>Kostnaður við uppbyggingu stjörnuskoðunarsvæðis amk 6 milljónir kr. Leigutími salernisgáms frá 15. maí -1. október ca. 500 þ.kr.</i>	<i>Garðabær er eigandi lands en svæðið er innan friðlýsts svæðis og þarf að vinna í samstarfi við Umhverfisstofnun.</i>

Verkefni 5		Heiti verkefnis: Fjörufarar á Álftanesi	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Stutt lýsing á verkefni	Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Fjörur á Álftanesi eru mikil náttúruparadís og þær eru hluti af blápræðinum sem er samheiti yfir alla strandlengju höfuðborgarsvæðisins. Bæta fræðslu og aðstöðu við fjörur á Álftanesi, við friðlýsta svæðið á Hlið, Gesthúsfjöru og Sandskarð. Endurnýja þarf eldri fræðsluskilti og bæta við nýjum um lífríkið á svæðinu. Gera þarf kynningarefni sem hvetur íbúa og ferðamenn til fjörufarar á Álftanesi og kynnir náttúru, sögu og útvist á svæðinu. Skoða hvort og hvar megi staðsetja salernisgáma við fjörur á Álftanesi til að bæta aðstöðu fyrir strandgesti og sjósundsfólk.	Endurnýjun á fræðsluskiltum og áningarstöðum við fjörur á Álftanesi. Gerð kynningarefnis. Uppsetning á salernisaðstöðu.	Endurnýjun á fræðsluskiltum, kostnaður per fræðsluskilti og fjöldi fræðsluskilta liggur ekki fyrir. Leigutími salernisgáms frá 15. maí -1.október ca. 500 þ.kr.	Garðabær er eigandi svæðisins að Hliði og ber ábyrgðina. Þar sem svæðið er friðlýst þarf að vinna að endurbótum í samráði við Umhverfisstofnun. Önnur svæði sem ekki eru friðlýst þarf að vinna í samstarfi við landeigendur s.s. hvað varðar staðsetningu á fræðsluskiltum og aðra uppbyggingu.

Verkefni 6		Heiti verkefnis: Bessastaðir	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
Stutt lýsing á verkefni	Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?
Aðsetur forseta Íslands er á Bessastöðum. Saga Bessastaða er hluti af íslenskri þjóðarsögu allt frá landsnámtíð til vorra daga. Byggingarnar á Bessastöðum og náttúran í kring er einstök. Við Bessastaði er búið að gera nýjan útvistarstig meðfram heimreið að Bessastöðum og útbúa nýtt bílastæði sem auðveldar komu ferðamanna á svæðið. Áframhaldandi samstarf þarf að eiga sér stað við forsetaembættið um frekari þróun á áfangastaðnum Bessastöðum og nágrenni.	Áframhaldandi samstarf við forsetaembættið um frekari þróun á áfangastaðnum Bessastöðum og nágrenni. Gera áætlun um uppbyggingu á svæðinu, s.s. hvar megi bæta úr gerð göngustíga og tengja við önnur svæði, miðlun fræðslu ofl.	Liggur ekki fyrir.	Garðabær í samstarfi við forsetaembættið.

<p style="text-align: center;">Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins - Aðgerðaáætlun 2023-2026</p>			
<p>Verkefni 1</p>		<p><i>Heiti verkefnis: Friðlýst svæði við Álafoss - styrking pallar</i></p>	
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i></p>	<p><i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)</i></p>	<p><i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)(sýnidæmi)</i></p>	<p><i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar? (sýnidæmi)</i></p>
<p><i>Verkefnið er hluti af uppbyggingu friðlýstra svæða í Mosfellsbæ. Svæðin hafa mikið aðdráttarafl vegna fallegs umhverfis og friðlýsingar og eru mikilvægir áfangastaðir fyrir gesti Mosfellsbæjar, jafn innlenda sem erlenda.</i></p>	<p><i>Staðsetning: Álafoskvos og Varmá í Mosfellsbæ</i></p> <p><i>Verkefninu er ætlað að lagfæra pall og stoðvegg framán við Álafoss í Varmá að neðanverðu. Pallurinn og veggurinn eru í slæmu ástandi enda um að ræða gamlan grunn sem áin hefur flætt undir og veikt undirstöður.</i></p> <p><i>Nauðsynlegt er að lagfæra og styrkja pall og grunn áður en hægt er að ráðast í frekari úrbætur á svæðinu varðandi aðgengi og móttöku ferðamanna. Úttekt verkfræðistofu um nauðsynlegar úrbætur liggur fyrir.</i></p> <p><i>Tímaáætlun 2023-2024</i></p>	<p><i>Gróft kostnaðarmat er um 15-20 mkr, en verkefninu er ætlað að gera nákvæmt kostnaðarmat.</i></p>	<p><i>Mosfellsbær í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem um friðlýst svæði er að ræða</i></p>

Verkefni 2		Heiti verkefnis: Friðlýst svæði við Álafoss - bætt aðgengi		
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ	
Stutt lýsing á verkefni	Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis (sýnidæmi)	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?	
Verkefnið er hluti af uppbyggingu friðlýstra svæða í Mosfellsbæ. Svæðin hafa mikið aðdráttarafl vegna fallegs umhverfis og friðlýsingar og eru mikilvægir áfangastaðir fyrir gesti Mosfellsbæjar, jafn innlenda sem erlenda.	Staðsetning: Álafosskvos og Varmá í Mosfellsbæ Verkefninu er ætlað að bæta aðgengi að Álafossi, byggja upp timburpall, koma á tengingu milli svæða ofan og neðan við fossinn og setja göngubrú yfir að friðlýsingaskilti norðan við Varmá. Verkefnið er raunhæft þegar búíð er að ráðast í varanlega styrkingu á grunnstoðum palls og stoðvegg við Álafoss. Tímaáætlun 2023-2024	Gróft kostnaðarmat er um 15 mkr.	Mosfellsbær í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem um friðlýst svæði er að ræða.	

Verkefni 3		Heiti verkefnis: Sundaðstaða við Hafravatn		
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ	
Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)	Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?	
Verkefnið er hluti af uppbyggingu útivistarsvæða í Mosfellsbæ. Svæðið hefur mikið aðdráttarafl vegna fallegs umhverfis og möguleika til útivistar, og er mikilvægur áfangastaður fyrir gesti Mosfellsbæjar, jafn innlenda sem erlenda.	Staðsetning: Hafravatn í Mosfellsbæ, strandlengja að norðanverðu Uppbygging á aðstöðu til að stunda sund í Hafravatni í Mosfellsbæ, uppsetning á litlu bílaplani, palli út í vatnið og skýli til að skipta um föt. Tímaáætlun 2023-2024	Gróft kostnaðarmat er um 10 mkr.	Mosfellsbær	

Verkefni 4		Heiti verkefnis: Fólkvangur í Bringum í Mosfellsdal		
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ	
Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)	Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis	Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)	Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?	
Verkefnið er hluti af uppbyggingu friðlýstra svæða í Mosfellsbæ. Svæðin hafa mikið aðdráttarafl vegna fallegs umhverfis og friðlýsingar og eru mikilvægir áfangastaðir fyrir gesti Mosfellsbæjar, jafn innlenda sem erlenda.	Staðsetning: Bringur í Mosfellsdal í Mosfellsbæ, ofan Gljúfrasteins við rætur Grímannsfells að norðanverðu. Verkefninu er ætlað að bæta aðgengi að fólkvangnum og Helgufossi með gerð göngustígs frá bílastæði að fossinum. Um er að ræða grófan malastíg með góður undirlagi og jarðvegsskiptum. Tímaáætlun 2023-2024.	Gróft kostnaðarmat er um 10 mkr.	Mosfellsbær í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem um friðlýst svæði er að ræða	

Verkefni 5		Heiti verkefnis: Útivistarsvæðið við Hamrahlíð v. Úlfarsfell		
Hvert er verkefnið		Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<i>Stutt lýsing á verkefni (sýnidæmi)</i>		<i>Staðsetning - Grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir verkefnis</i>	<i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i>	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i>
<i>Verkefnið er hluti af uppbyggingu útivistarsvæða í Mosfellsbæ. Svæðið hefur mikið aðdráttarafl vegna fallegs umhverfis og möguleika til útivistar, og er mikilvægur áfangastaður fyrir gesti Mosfellsbæjar, jafn innlenda sem erlenda.</i>		<p><i>Staðsetning:</i> <i>Skógræktarsvæði í Hamrahlíð í hlíðum Úlfarsfells</i></p> <p><i>Verkefninu er ætlað að lagfæra bílastæði og bæta aðkomu og stígakerf við upphaf gönguleiða um skógarsvæðið og á Úlfarsfell við Hamrahlíð. Bílastæðið er löngu orðið of lítið enda ásókn í svæðið gríðarleg og undirlag ekki gert fyrir þann fjölda sem sækir svæðið heim. Bæta þarf aðkomu að svæðinu, setja þar upp fræðsluskilti, bekki, grillskýli og dvalarsvæði fyrir gesti. Stígarnir í kring hafa orðið fyrir miklum skemmdum af völdum vatns og frostlyftinga á síðustu árum og þarfnast viðhalds. Svæðið er mikið notað af gestum víðsvegar frá og hætta getur skapast þegar stígar eru sundurgrafnir. Tímaáætlun 2023-2024</i></p>	<i>15 mkr.</i>	<i>Mosfellsbær í samstarfi við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar</i>

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins - Seltjarnarnes - Aðgerðaáætlun 2023-2026

Verkefni 1			
Heiti verkefnis: Frágangur fornminja og gerð útsýnisstaðar við Móakot			
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Stutt lýsing á verkefni</i></p>	<p><i>Staðsetning - grófur tímarammi - aðrir mikilvægir þættir</i></p>	<p><i>Áætlaður kostnaður (heimilt að sýna grófa áætlun)</i></p>	<p><i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd. Eru stuðningsaðilar?</i></p>
<p><i>Háskóli Íslands, fornleifadeild í samstarfi við Seltjarnarnesbæ rannsakaði fornminjar við Mótkot á Seltjarnarnesi á árunum 2013-2020. Markverðar minjar fundust m.a. voru skýr ummerki um híbýli fólks á þessum stað allt aftur til 16.-17. aldar. Rannsóknunum er að fullu lokið og komið að því að ganga frá fornminjunum á varanlegan hátt. Markmiðið er að hluti minjanna sem fundust verði sýnilegar almenningi og búið svo um að hægt verði að ganga að minjunum án þess að skemma þær. Einnig stendur til að lagfæra lóðina umhverfis og að þar verði gerður einskonar útsýnisstaður þar sem bæði verður hægt að tylla sér niður og njóta útsýnis í vesturátt sem og hægt að horfa yfir minjarnar og lesa um merka sögu Móakots, skoða skýringarmyndir af uppgreftrinum o.fl. á upplýsingaskiltum. Staðsetningin og umhverfið er þannig að margir munu leggja leið sína þarna, hvort sem er íbúar, gestir eða erlendir ferðamenn. Þetta verður áhugaverður staður að staldra við, skoða, njóta og upplifa menningarminjar og útsýnis.</i></p>	<p><i>Móakot er við Safnatröð á Seltjarnarnesi, staðsett til hliðar við Seltjörn hjúkrunarheimilið og í nálægð við verðandi Náttúruhús (Náttúruminjasafn Íslands). Hönnun svæðisins er langt komin og vonast er til að hægt verði að hefja fyrsta hluta í undirbúningi og frágangi svæðisins sumarið 2023 og ljúka því árið 2024. Vinna þarf með sérfræðingum á þessu sviði (fornleifafræðingum, minjastofnun ofl).</i></p>	<p><i>Til stendur að vinna nákvæma kostnaðaráætlun þegar að endanleg hönnun svæðisins liggur fyrir af hálfu landslagsarkitekts og Minjastofnun leggur blessun sína yfir.</i></p>	<p><i>Seltjarnarnesbær ber ábyrgð á framkvæmdinni í samráði við Háskóla Íslands og Minjastofnun.</i></p>

Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Til stendur að (endur)gera göngustíga/slóða á Vestursvæðunum, einni helstu náttúruperlu Seltjarnarness sem dregur að sér fjölda gesta sem vilja njóta útiveru. Þarna eru friðuð svæði, á náttúrminjaskrá og/eða hverfisvernduð enda mikið um fornminjar og einstakt fuglalíf og mikilvægt að verja náttúruna og menningarminjarnar. Á sama tíma þarf að tryggja aðgengi íbúa og ferðafólks að svæðinu sem og tengingar og flæði á milli á þann hátt að hægt verði að ferðast á milli náttúruperlanna og sögufrægra staða (seglar) án þess að það hafi neikvæð áhrif á náttúruna. Tekið verður mið af sögufrægum slóðum og stígum á svæðinu en á Vestursvæðunum eru nokkrir slíkir sem allir eiga sitt heiti/örnefni sbr. Tjarnarstígur, Krókadíll og Knútsborgarvegur. Uppbygging á safnasvæðinu svokallaða er að aukast en á þeim stað eru Nesstofa, Lyfjafræðisafnið og Náttúruhús sem stefnir á opnun árið 2024 (það sem áður átti að verða Lækningaminjasafn). Í næsta nágrenni stendur yfir uppbygging Gróttubyggðar sem breytir aðgengismálum á svæðinu og þarf að finna heppilega leið framhjá þessari nýju íbúabyggð. Ráðagerði er þar fyrir neðan, vinsælt veitingahús sem opnaði á árinu 2022 í sögufrægu og friðuðu húsi, gönguleið á milli safnasvæðisins og Ráðagerðis þarf að vera aðgengileg sem og yfir að listaverkinu Bollasteini, hákarlahjallinum og að Snoppu/Gróttu helsta aðdráttaraflinu á Seltjarnarnesi.</i></p>	<p><i>Verkefnið sem um ræðir er á Vestursvæðunum á Seltjarnarnesi, nær frá Safnatröð og að Snoppu sem er við Gróttu. Hönnun, skipulagning aðgengismála og framkvæmdin sjálf þarf að haldast í hendur við uppbyggingu á svæðinu þ.e. tengt nýrri Gróttubyggð og opnun Náttúruhúss. Frekari undirbúningur þarf ef vel á að vera að eiga sér stað árið 2023 þannig að amk fyrsti hluti verkefnisins komist til framkvæmda á árinu 2024 þegar að Náttúruhús opnar og fyrstu íbúar flytja inn í nýja Gróttubyggð. Gera má ráð fyrir að ólíkir sérfræðingar þurfi að koma að málum s.s. vegna staðsetningar, íbúabyggðar, fornminja, umhverfis o.s.frv.</i></p>	<p><i>Heilstæð kostnaðaráætlun verður unnin þegar að búið verður að ákveða nákvæmlega hvar stígarnir geta legið í tengslum við öruggt aðgengi, útfærslu, minjar og efnivið.</i></p>	<p><i>Seltjarnarnesbær en hafa þarf samráð við Minjastofnun vegna fornminja á svæðinu.</i></p>

Verkefni 2

Heiti verkefnis: Gerð gönguleiðar/stígs sem mun liggja á milli safnasvæðisins (Nesstofa/Náttúruhús) og Snoppu, framhjá Gróttubyggð og Ráðagerði

Verkefni 3	Heiti verkefnis: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis - aðgengi, stýring og verndun náttúru		
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p>Gróttu, vestursvæðin á Seltjarnarnesi, fjaran, fuglalífið, sólsetur, norðurljós og einstakt útsýni laðar að sér fjölda ferða- og útivistarfólks alla daga, hvort sem er íbúar eða aðrir gestir. Fjöldi fólks kemur gangandi, hlaupandi og hjólandi en fjöldi fólks kemur á bílum sem það leggur við Snoppu eða Bakkatjörn. Í ofanálæg er fjöldi rúta sem kemur með ferðamenn sem sleppt er tímabundið út við Gróttu. Ásóknin getur oft verið afar mikil ekki síst á góðviðrisdögum þegar sólsetrið er engu líkt og norðurljósin dansa í myrkrinu. Bifreiðum er þá lagt um allt á stað sem er afar viðkvæmur hvað náttúru og menningarmínjar varðar. Fjölgun ferðamanna hefur nú þegar aukið aðsókn á svæðið til mikilla muna auk þess sem Ráðagerði dregur að sér fjölda gesta sem og er gert ráð fyrir mikilli aðsókn ferðamanna, skólabarna og almennra gesta í fyrirhugað Náttúruhús. Í skoðun er að færa bílastæði við Gróttu amk að hluta að Ráðagerði og við Náttúruhúsið. Að það verði þannig úr garði gert að gestir skilji bílinn helst eftir á einum stað og gangi svo eftir göngustígum á milli staða til að njóta útiveru. Með þessu myndi létta á viðkvæmum svæðum og ágangi umferðar í íbúagötur en um leið veita betri og öruggari aðkomu að svæðinu og tryggja flæði og tengingar á milli seglanna á svæðinu.</p>	<p>Vestursvæðin á Seltjarnarnesi - Snoppa, Ráðagerði, Safnasvæði. Tímaramminn miðast við næstu 2-3 ár. Meta þarf bílastæðaþörfina í heild sinni eins og hægt er. Hanna á útfærsluna og aðgengið þannig að bílastæði falli vel inn í umhverfið á þessari viðkvæmu náttúruþerlu og að ásýndin verði fremur falin og í lagi. Ennfremur þarf að huga að aðgengi fyrir rútur þannig að um verði að ræða sleppistæði eða hægt að stoppa í stutta stund. Tengingar við hjóla- og göngustíga eiga að vera góðir og hangir saman við heildarhugsunina fyrir svæðið. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi amk á hluta svæðisins þegar samþykkt hönnun liggur fyrir og hafa þarf samráð við Minjastofnun ef bílastæði verða sett í nágrenni menningarmínja.</p>	<p>Kostnaður við heildarútfærsluna hefur ekki verið metinn enn sem komið er en gerð verkefnið verður áætlað þegar hönnun liggur.</p>	<p>Seltjarnarnesbær</p>

Verkefni 4	Heiti verkefnis: Sjósundaðstaða við Kotagranda á Seltjarnarnesi		
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p>Setja upp viðeigandi aðstöðu fyrir þá fjölmörgu sem stunda sjósund en það hefur lengi verið afar vinsælt að fara í sjósund bæði út í Seltjörnina og Bakkavík á Seltjarnarnesi en aðgengið það er afar gott. Sjósund farið mjög vaxandi á undanfönum árum og fjöldi fólks sem stundar sjósund með reglubundnum hætti. Það er fyrirséð að fjölgun iðkenda mun halda áfram. Árið 2002 var sett upp lítið "opið" skýli við Kotagrandu fyrir fólk að skipta um fatnað en það er barn síns tíma. Nú hefur verið lögð fram útfærð tillaga og arkitektateikningar að gagngerum endurbótum sem felur í sér að byggt yrði skýli með skiptiklefum, salerni og sturtuaðstöðu. Hugmyndin hefur fengið hefur mjög jákvæðar umsagnir viðeigandi nefnda og stjórnenda innan bæjarins. Útfærslan yrði með þeim hætti að aðstaðan myndi falla vel í umhverfið og hefði ekki neikvæð áhrif á náttúruna. Sjósund á Seltjarnarnesi laðar að sér gesti víða að, ekki síst að sér erlenda ferðamenn enda aðstæður góðar og einstakt útsýni í allar áttir. Gera má ráð fyrir að ný og betri aðstaða yrði afar eftirsóknarverð.</p>	<p>Við Kotagrandu á Seltjarnarnesi, Gera má ráð fyrir áframhaldandi undirbúningsvinnu á árinu 2023 og framkvæmd verkefnisins á árinu 2024. Meðal annars þarf að fara í jarðvegs- og lagnavinnu (heitt og kalt vatn) áður en hægt yrði að setja upp sjálfa aðstöðuna og slíkt þarf að undirbúa vel á þessum stað.</p>	<p>gróft kostnaðarmat er 5-6 milljónir</p>	<p>Seltjarnarnesbær</p>

		<i>Heiti verkefnis: Samræmdar merkingar og upplýsingaskilti</i>	
Verkefni 5			
Hvert er verkefnið	Helstu þættir verkefnis	Kostnaður	ÁBYRGÐ
<p><i>Setja upp samræmdar merkingar og upplýsingaskilti sem falla vel á umhverfinu á Seltjarnarnesi. Skiltin yrðu bæði leiðarvísar en um leið veita upplýsingar um áhugaverða staði, náttúruna, fuglalífið söguna, menningarminjarnar o.fl. Hugmyndin miðar að því að á skiltunum yrði hægt að miðla fræðslu til gesta/vegfarenda með tæknilegum lausnum s.s. í gegnum snjallsíma og útlit þeirra yrði í takt við það sem bent er á í Vegrún - merkinga- og leiðakerfinu sem sérstaklega er hannað er til að falla að náttúru Íslands.</i></p>	<p><i>Viðsvegar á Seltjarnarnesi s.s. við hjóla- og göngustíga, á vestursvæðunum, við menningarmínjar, Bakkatjörn, í nágrenni Gróttu, Valhúsahæð o.s.frv. Gera má ráð fyrir vinnu með sérfræðingum sbr sagnfræðingi, Umhverfisstofnun, Minjastofnun o.fl. Taka þarf ákvarðanir um staðsetningar, forgangsörðun og setja upp tímalínu er varðar uppsetningu einstakra skilta. Líkleg tímasetning er 2024-2026.</i></p>	<p><i>Verkefnið hefur ekki verið kostnaðarmetið enn sem komið er.</i></p>	<p><i>Seltjarnarnesbær</i></p>



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu